



Arkar jólahlaðborð 2005

HÓTEL ÖRK

Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is • www.hotel-ork.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. október – 280. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Davíð og Baugur

Óvild Davíðs Oddssonar í garð Baugs kom skýrt fram í kveðjuræðu hans á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Guðmundur Andri Thorsson veltir fyrir sér ástæðunum fyrir henni.

Í DAG 14

Fyrsti sigur Hauka í Meistaradeildinni

Haukar lögðu ítalska liðið Meran að velli á Ásvöllum með 32 mörkum gegn 29. Þetta var fyrsti sigur Hauka í Evrópukeppninni.

ÍÞRÓTTIR 18

Sigurför Guðríðar

Brynja Benediktsdóttir er enn á faraldsfæti með ferðir Guðríðar og fékk nú frábærar viðtökur í þýskalandi.

MENNING 26

VEDRIÐ Í DAG



Í DAG VERÐUR hæg austanánt. Það verður yfirleitt úrkomulítið nema á Suðausturlandi þar sem má búast við rigningu af og til í dag. Yfirleitt skýjað og hiti 5-12 stig. VERÐUR 4

Tilkygning

Bensínkort og frítrygging

Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging; fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fæðu þér nýjan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskió, að verómætti allt að kr. 140.000.

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með söðum tilboðum.



Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200
Opíó virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16

Geir Haarde gengur til verks af auðmýkt

Geir H. Haarde tók við formennsku í Sjálfstæðisflokknum í gær. Hann segir verkefnið vera hið ábyrgðarmesta í þjóðfélaginu og hyggst ganga til verks af auðmýkt. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var kjörin varaformaður.

STJÓRNMÁL „Ég er mjög ánægður með þessi úrslit og glaður yfir því að hafa fengið svona mikið traust hjá landsfundarfulltrúum og mun að sjálfsgöðu gera mitt besta til þess að standa undir því,“ segir Geir Hilmar Haarde, nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

Geir segir að samstaða hafi ríkt um þær ályktanir sem voru til meðferðar á fundinum. „Það er nú gjarnan þannig að þegar eru mannabreytingar í forystunni þá er kannski aðeins minni athygli en ella á ályktanir fundarins. Auðvitáð er alltaf einhver ágreiningur og átök. Það er bara heilbrigð í stórum flokki og getur oft verið

mjög skemmtilegt,“ segir Geir. Í ræðu sinni á fundinum í gær sagði Geir að embætti formanns Sjálfstæðisflokksins væri líklega ábyrgðarmesta verkefni í þjóðfélaginu. „Ég hlýt að ganga til þessa verks af mikilli auðmýkt,“ sagði hann.

Geir var einn í framboði til formennsku og hlaut hann afgerandi kosningu, ríflega 94 prósent atkvæða. Aðrir sjálfstæðismenn hlutu samtals 65 atkvæði en fjóru tíu seðlar voru auðir.

Davíð Oddsson, fráfarandi formaður, kvaddi sér hljóðs við sama tækifæri og sagði að þegar Sjálfstæðisflokknum hefði vegnað best

hefði einnig þjóðinni farnast best. Hann óskaði Geir velfarnaðar og sagði: „Nú get ég horfið glaður og keikur af hinu pólitíska sviði og það geri ég núna, þakka ykkur fyrir.“

Fyrr á fundinum vék Geir að brottvarfi Davíðs Oddssonar úr stjórnmálum. „Það eru vatnaskil, bæði í Sjálfstæðisflokknum og landsmálum, þegar Davíð Oddsson lætur af formennsku og hættir stjórnmálaafskiptum.“ Hann sagði einnig á fundinum að sér þætti dapurlegt að fylgjast með því hvernig tilteknir fjölmiðlar og stjórnmálamenn hefðu snúið út úr merkrí setningarræðu Davíðs Oddssonar.

- saj/Sjá síðu 8



FORMANNSKJÓR Á LANDSFUNDI SJÁLFTÆÐISFLOKKSINS Geir H. Haarde tók við embætti formanns Sjálfstæðisflokksins af Davíð Oddssyni á landsfundi flokksins í gær. Davíð óskaði honum velfarnaðar og sagðist glaður geta horfið af hinu pólitíska sviði. Með þeim á myndinni er Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Tekist hefur að dæla öllu vatni burt af götum eftir flóðin á Höfn í Hornafirði:

Kanóar horfnir af götunum

FLÓÐ Tekist hefur að dæla öllu vatni burt af götum Hafnar í Hornafirði, að sögn Helga Más Pálssonar bæjarverkefndings. Bæjarbúar eru því hættir að róa um göturnar á kanóum og geta gripið til bílanna á ný.

„Þetta er allt komið í gott lag, við vorum að til klukkan ellefu á laugardagskvöld og þá var vatnið farið að sjatna eftir því sem stytti upp,“ sagði Helgi Már. „Göturnar eru núna orðnar þurrar og allir pollar farnir.“

Bæjarbúar voru beðnir um að láta vita eftir helgina hvort einhverjar skemmdir hefðu orðið hjá þeim og býst Helgi við að nokkuð

hafi verið um þær. Talið er að flætt hafi inn á allt að fimmtán heimili í bænum. „Ég held að í það minnsta nokkrir kjallarar hafi farið undir vatn og alls kyns haf-



tæki og dót, frystikistur og þess háttar, getur hafa skemmt. Göturnar eru ekki mikið skemmdar en eitthvað um skemmdir á gangstéttum og hellulögnum.“

Að sögn Helga voru orsakir flóðanna mikil úrkoma og haustlauf sem stífluðu niðurföll. „Það myndaðist mikil samkennd í fólk og allir hjálpuðust að við að koma bænum í fyrra horf. Það er góður andi í bænum og ég held reyndar að krakkarnir hafi bara haft ansi gaman af þessu.“

- bog

FLÓÐ Á HORNAFIRÐI Nú hefur tekist að dæla öllu vatningu burt af götum bæjarins, og því ekki hægt að róa þar lengur.



Ítölsk ferja í vandræðum:

Hvalur á stefni

ITALÍA Áhöfn ítölsku ferjunnar Moby Aki brá heldur betur í brún þegar upp komst um orsakir stýriserfíleika skipsins á laugardag. Fimmtán metra langur hvalsskrokkur, 25 tonn á þyngd, lá yfir stefni ferjunnar og hafði hann valdið því að erfiðlega gekk að stýra ferjunni inn í höfnina í Livorno á Norður-Ítalíu.

Ferjan var á leið frá Olbía á Sardiníu þegar hún rakst á hvalinn. Sérfræðingar segja hann líklega hafa verið dauðan áður en áreksturinn varð, en enginn um borð varð var við hann.

- smk



SLASAÐ BARN Karlmaður ber slasað barn til björgunarmanna í Pakistan.

Hamfarir í Pakistan:

Ung stúlka finnst á lífi

PAKISTAN, AP Ungt stúlkubarn fannst á lífi í gær í rústum byggingar nærri Balakot-borg, sem hrundi í jarðskjálftunum í Kasmír um síðustu helgi. Stúlk-an hafði verið grafin í rústunum í átta daga þegar sýstirni hennar fundu hana.

Talsmaður pakistanska hersins segir foreldra barnanna hafa látist í hamförunum. Líðan teljunnar er sögð góð miðað við aðstæður, en hún þjáist af mænuótt.

Skjálftinn er talinn hafa kostað um 40.000 manns lífið.

- smk

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000



SPURNING DAGSINS

Ómar, er búið að stofna nýjan siglingaklúbb á Hornafirði?

„Já, já. Við köllum hann Innanbæjar-sætaferðir.“

Óðinn Eymundsson er einn af þeim sem brugðu á það ráð að sigla um á kanó í vatnsgelnum á Höfn í Hornafirði.

Jens Stoltenberg, nýr forsætisráðherra Noregs, skipar í ráðherrastóla í dag:

Utanríkisráðherra utan þings

NOREGUR Jens Stoltenberg, nýr forsætisráðherra Noregs, skipar í ráðherrastóla í Oslo í dag, en ráðherralaust hefur verið í Noregi nú um helgina, þar sem síðasta ríkisstjórn sagði af sér á föstudag. Aftanposten greindi frá því í gær að Stoltenberg neitaði að gefa upp hverjir nýju ráðherrarnir væru fyrr en Haraldur Noregskonungur væri búinn að sjá listann, sem átti að gerast nú í morgun. Hann sagði þó að listinn væri skipaður sterku og góðu folki. Enginn þeirra sem hann hringsi í afþakkaði ráðherrastól. Verkamannaflokkurinn, sem Stoltenberg tilheyrir og sem sigr-



aði í þingkosningunum í síðasta mánuði, mun fá tíu ráðuneyti, fimm fara til Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokkurinn mun fá fjögur. Líklegt þykir að yfirmaður Rauða krossins í Noregi, Jonas Gahr Stöhre, verði næsti utanríkisráðherra landsins, að sögn Aftanposten, og að formaður Sósíalíska vinstriflokksins, Kristín Halvorsen, taki við embætti fjármálaráðherra. - smk

JENS STOLTENBERG Nýr forsætisráðherra Noregs tekur við embætti sínu í dag, og skipar í ráðherrastóla.

Miklir þurrkar: Hjálpin berst ekki alla leið

BRASILÍA Fjárskortur hamlar flutningum á nauðsynjavörum til Amazon-svæða Brasilíu, sem miklir þurrkar hafa hrjóð síðustu mánuði, að sögn talsmanna brasilíska hersins.

Herinn segist þurfa meira fé, svo hægt sé að koma mat, vatni, eldsneyti og lyfjum til um 3.200 fjölskyldna sem búa við nú þurrar þverár Amazon-árinna.

Ríkisstjórn Brasilíu hefur lýst yfir neyðarástandi í 61 borg og þorpi vegna þurrkanna, sem hafa lækkað yfirborð árinna um tvo metra. Óttast er um aðfríðu þessara staða ef nauðsynjavaran berst ekki. - smk

Nýr saksóknari í Baugsmáli: Björn finnur saksóknara

BAUGSMÁL Björn Bjarnason sagði í Silfri Egils í gær að hann myndi sennilega taka ákvörðun um nýjan saksóknara sem á að taka við þeim 32 ákæruatriðum í Baugsmálinu. Bogi Nilsson ríkissaksóknari sagði sig frá málinu fyrir helgi.

Einhverjar efasemdir hafa komið upp um hæfi Björns til að fjalla um málið og er ástæðan að einhverju leyti skrif hans um Baugsmálið á heimasíðu sinni.

Björn sagði meðal annars í sjónvarpsþættinum að í öllum málum þyrfti hann að taka afstöðu um það hvort hann væri hæfur til þess að fjalla um þau. Tók hann það fram að menn ættu að benda nákvæmlega á það hvar hann hefði gert sig vanhæfa með skrifum sínum. - bog



BJÖRN BJARNASON

Nánast tífalt fleiri karlar gerast ófrjóir

Tæplega þrjú hundruð karlar gangast undir ófrjósemisaðgerð á ári en fyrir 25 árum voru þeir aðeins um þriðjtu. Þvagfæraskurðlæknir segir dæmi um að karlar hafi einnig látið endurtengja sig. Það geta konur ekki gert.

HEILBRIGÐISMÁL Þeim karlmönnum sem láta gera á sér ófrjósemisaðgerðir hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Karlar eru um fjórtíu prósent þeirra sem fara í ófrjósemisaðgerðir. Fyrr fimmtán árum var hlutur karla um fimm prósent.

Að sögn Sigríðar Haraldsdóttur hjá heilbrigðisöflfræðisviði Landlækniseimbættisins fóru 262 karlmenn í slíka aðgerð árið 2003 en 365 konur. Guðjón Haraldsson þvagfæraskurðlæknir segir að ekkert lát sé á þróuninni og að hún einkaröðist ekki við Ísland því víða sé þetta hlutfall jafnvel mun hærra en hér á landi, til dæmis í Bandaríkjunum.

Guðjón segir að hugsanlega megi rekja þessa þróun til þeirrar vitundarvakningar sem á sér stað um að aðgerðin sé mun áhættuminni hjá körlum. „Hjá konum er þetta í raun kvíðarholsaðgerð sem gerð er á nokkuð hættusömu svæði en hjá körlunum er um frekar litla aðgerð að ræða og mun hættuminni. Svo tel ég að þessa aukningu megi einnig rekja til jafnréttisviðhorfa sem sífellt verða meira áberandi í þjóðfélaginu.“

Hann segir þá karla sem gangast undir aðgerðirnar alls ekki einhleitan hóp. „Þetta eru karlmenn úr öllum stéttum en ef eitthvað er hægt að segja til að skilgreina þennan hóp frekar þá eru þetta yfirleitt menn yfir 35 ára sem eiga fyrir tvö, þrjú eða fleiri börn og hafa tekið þá ákvörðun með sínum förunauti að eignast ekki fleiri börn.“

Guðjón segir að líta verði á ófrjósemisaðgerðir á körlum sem varanlega aðgerð þó hægt sé að



FRJÓSEMISSTYTTA Íslenskur karlmönnum sem fóra frjósemi sinni fjölga mikið. Hlutfall þeirra hér á landi er svipað og í Danmörku en þessar þjóðir skera sig nokkuð úr hvað varðar fjölda karla sem gangast undir ófrjósemisaðgerð.

endurtengja þá aftur. „En þó menn séu endurtengdir lokast fljótt fyrir farveg frumanna aftur svo þeir verða orðnir ófrjóir aftur yfirleitt innan hálfis árs,“ útskýrir hann og bætir við að nokkur dæmi séu um það að karlar séu endurtengdir og eignast síðan börn.

ÓFRJÓSEMISSAÐGERÐIR Á ÍSLANDI

Table with columns for years (1982, 1990, 1992, 1996, 2000, 2001, 2002, 2003) and rows for 'Konur', 'Karlar', and 'Samtals'.



FYLGST MED KJÖSENUM Í ÍRAK MYND/AP

Stjórnarskrákosningar í Írak:

Gert ráð fyrir samþykki

ÍRAK, AP Þrátt fyrir mikla þátttöku súnna í þjóðarkosningum Íraka um stjórnarskrá á laugardag er talið líklegt að niðurstaðan verði sú að þjóðin samþykki nýju stjórnarskrána. Tveir þriðju hlutar kjósenda í þremur héruðum þurfa að hafna stjórnarskránni svo hún verði felld.

Gríðarleg öryggisgæsla var um allt landið í gær. Þrátt fyrir þessar hótanir fóru kosningarnar nokkuð fríðsamlega fram og var dagurinn einn sá fríðsælasti í margar vikur. - smk

Dýrategundir í hættu:

Einn froskur, tveir froskar

BRETLAND Áhugasamtök um froska hafa beðið Breta um að telja algenga froska í gördum sínum, samkvæmt breska ríkisúttvarpinu BBC. Ástæðan er sú að vísindamenn óttast að froskarnir þjáist af sjúkdómum sem sveppasýking veldur annars vegar og veirusýking hins vegar.

Sýkingar þessar hafa tröllrjúð froskaheiminum og er nú þriðjungur froskategunda heimsins í útrýmingarhættu vegna þeirra. Froskar eru sérlega viðkvæmir fyrir breytingum bæði á landi og í vatni. Síðustu 25 árin hefur mengun og aðrar athafnir mannfólksins útrýmt allt að 122 froskategundum úr heiminum. - smk

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktisdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðið að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. - ritsjt.

Advertisement for Subaru Forester SUV, including a photo of the car and technical specifications like '21% kraftmeiri - 158 h.p.' and 'VERÐ 2.550.000 kr.'.

Matarskattslækkun á næstu átján mánuðum:

Bundið í stjórnarsáttmála

STJÓRNMÁL „Þetta var hluti af okkar landsfundarályktun síðast og hluti af okkar kosningastefnu-skrá,“ sagði Geir H. Haarde á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um matarskattinn. Séra Halldór Gunnarsson í Holti spurði ráðherrann um þetta stefnumál flokksins.

Geir svaraði að í stjórnarsáttmálanum væri kveðið á um skattalækkunir, meðal annars breytingar á erfðafjárskatti, niðurfellingu eignarskatts, stórfellda lækkun tekjuskatts og afnám hátekjuskatts. „Það er einnig talað um að gera breytingar á virðisaukaskattskerfinu til hagsbóta fyrir almenning,“ í minum eyrum hljómar orðalagið til hagsbóta fyrir almenning þannig að það getur ekki verið um neitt annað að ræða en lækkun. Það á hins vegar eftir að útfæra þetta milli



MATVÆLI Auk matarskattslækkanna segir Geir H. Haarde að breytingar á virðisaukaskattskerfinu hljóti að vera til lækkunar.

stjórnarflokkanna. Ég hef fullar vonir um það að því muni ljúka með fullnægjandi hætti fyrir

okkur áður en þetta kjörtímabil er á enda. Og að því munum við stefna,“ svaraði Geirna. - jh

KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi


KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.

Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingaþörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.


Kannaðu málið!
Bókaðu fund hjá ráðgjafa á www.kbbanki.is, í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka. Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við þínar aðstæður.

Dæmi um greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts



Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðuðu hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

Dæmi um greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma



Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.



Allar persónutryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB lífi
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 14.10.2005

KAUP SALA

Bandaríkjadalur USD	61,12	61,42
Sterlingspund GBP	106,9	107,42
Evrá EUR	73,25	73,65
Dönsk króna DKK	9,811	9,869
Norsk króna NOK	9,361	9,417
Sænsk króna SEK	7,784	7,83
Japanskt jen JPY	0,532	0,535
SDR	XDR 88,13	88,65

Gengisvísitala krónunnar 102,9773

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktar um stjórnskipun:

Vilja afnema synjunarvald forseta

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn telur óhjákvæmilegt að fella úr gildi 26. grein stjórnarskrár lýðveldisins um synjunarvald forsetans. Þetta ákvæði snýst frá því um helgina. Í ályktun fundarins er tekið fram að huga eigi að heimild í stjórnarskrá til þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

„Þetta kom úr réttarfars- og stjórnskipunarnefnd fundarins og var samþykkt samhljóða,“ segir Geir H. Haarde, nýkjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

Þjóðarhreyfingin tilkynnti í liðinni viku að hún væri eindreg-

ið við því að hróflað sé við ákvæði stjórnarskrár um synjunarrrétt forsetans. „Þetta ákvæði snýst frekar um vald forseta Íslands en þjóðaratkvæði. Þjóðarhreyfingin telur að merking þessa ákvæðis sé sú að hér ríki ekki algert þingveldi heldur geti fulltrúi fólksins skotið málum til þjóðarinnar,“ segir Ólafur Hannibalsson hjá Þjóðarhreyfingunni.

KJARTAN GUNNARSSON OG DAVID ODDSSON Framkvæmdastjórnin og formaðurinn fyrirverandi mæta til landsfundar.



Rússneskir syrgjendur: Krefjast líka ættingja

RÚSSLAND Hundruð svartklæddra syrgjenda söfnuðsti saman í gær fyrir utan skrifstofur sak-sóknara í borginni Naltjik í Rússneska hluta Kákasus og kröfðust þess að lík ættingja þeirra yrðu látin af hendi, svo hægt væri að grafa þau.

Pólkíð var drepið í árás á borgina sem talið er að íslamskir ófgamenn hafi staðið að. Að minnsta kosti 139 manns létust í átökunum. Rússnesk lög kveða á um að lík hrygjuverkamanna séu ekki færð aðstandendum til greftrunar.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON OG ÖGMUNDUR JÓNASSON Kaup erlendis á skuldabréfum í Íslenskum krónum nema nú um 90 milljörðum króna.

500 milljarða viðskiptahalli í sjö ár

Steingrímur J. Sigfússon vill yfirlýsingu frá ríkisstjórninni um að stjórnframaðir verði stöðvarðar til ársins 2012. Engin höft segir forsætisráðherra.

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, telur óumflýjanlegt að grípa til aðgerða í efnahagsmálum, meðal annars vegna uppsagna og gjaldþrota í samkeppnis- og útflutningsgreinum sem blæði vegna hágensis krónunnar. Illræmd ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar yrðu til þess að hundruð starfa töpuðust á móti tilfölegu faum störfum sem fylgdu nýrri stóriðju.

Steingrímur bendir meðal annars á að samanlagður viðskiptahalli áranna 2003 til 2010 er áætlaður um 500 milljarðar króna. Hreinar skuldir þjóðarbúsins næmu nú 135 prósentum af vergri þjóðarframleiðslu og væru hærri en nokkru sinni fyrr.

Steingrímur vill að ríkisstjórnin gefi út yfirlýsingu um að ekki verði ráðist í frekari stóriðju fram til ársins 2012. Í öðru lagi vill hann að þeim tilmælum verði beint til Fjármálaeftirlitsins að huga að áhættumati á bankakerfinu og viðbrögðum við hugsanlegu snöggu gengisfalli krónunnar. Hann nefndi í því sambandi að kaup á skuldabréfum í Íslenskum krónum næmu nú alls um niútiú milljörðum króna.

Í þriðja lagi gerir tillagan ráð fyrir að Seðlabankinn hreyfi við bindiskyldu bankanna eða öðrum lögmætum aðgerðum til að efla stöðugleikann. Þá er í fjórða lagi gert ráð fyrir að skattalekkunum verði frestað af hálfu ríkisstjórn-

arinnar en beitt verði aðgerðum til að bæta hag hinna lægst launuðu.

„Ég tel að hér sé ekkert óskaplegt hættuástand,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, sem varð fyrir svörum á Alþingi. Hann þvertók fyrir að banna frekari stóriðju næstu árin enda samrýmdist það ekki leikreglu í samskiptum stjórnvalda og atvinnulífsins. „Ætli að banna frekari stækkun álversins á Grundartanga?“ spurði Halldór.

Halldór taldi að þegar væri farið að hægja á útlánum. Seðlabankinn teldi ekki fýsilegt að beita aukinni bindiskyldu banka til þess að slá á þenslu enda gætu þeir tekið lán að vild erlendis.

johann@frettabladi.is

Mjólkurisinn heitir MS: Nafnið sótt í vörumerkið

MJÓLKURIBNADUR Nýtt sameinað fyrirtæki MJólkursamsölunnar og MJólkurbús Flóamanna hefur hlotið nafnið MS.

MS var um árabil vörumerki MJólkursamsölunnar og var nafn fyrirtækisins því sótt í það. Að sögn Guðbrands Sigurðssonar, forstjóra MS, hófst leit að nýju nafni á vordögum þegar óskað var eftir tillögum frá starfsfólki og kúabændum. „Það bárust tæplega 260 tillögur frá um 450 einstaklingum,“ segir Guðbrandur. Eftir talsverða yfirlegu varð MS ofan á.

LÖGREGLUFRETTIR

ÁRÁSARMANNI SLEPPT Maður var handtekinn á Selfossi eftir að hann réðist að öðrum manni með hnfi á laugardagskvöld. Hefur manninn verið sleppt úr haldi lögreglu en hann var mikið ólvaður þegar atvikið átti sér stað. Sá sem varð fyrir árásinni slasaðist lítillega á höfði og var færður á sjúkrahús þar sem nokkur spor voru saumuð í höfuðið á honum.

LÍKAMSÁRÁSIR AÐ KVÖLDI LAUG-ARDAGS Aðfaranótt sunnudags var kallað eftir aðstoð lögreglunnar í Keflavík á skemmistað þar sem maður hafði verið sleginn. Var hinn slasað fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem hlúð var að sárum hans. Nokkru síðar var árásmaðurinn handtekinn á öðrum veitingastað þar sem lögreglumenn sáu hann veitast að öðrum.

TÖLUVERÐAR VATNSSKEMMDIR Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað á Vífilsstötu í Reykjavík um hádegi í gær þar sem töluvert vatn hafði flætt um íbúð. Gleymst hafði að skurfa fyrir krana og voru nokkrar skemmdir í íbúðinni eftir leikinn. Tók þá slökkviliðið um klukkustund að ná vatninu úr íbúðinni með vatnssugu og dælum. Einnig var slökkviliðið kallað á Vogabakka þar sem grunur var um efnaleka úr skipinu Akrafelli. Ekki var staðfest hvers konar leka var um að ræða en hann var þó ekki talinn hættulegur.

LÖGREGLUFRETTIR

GENGU Í SKROKK Á STÚLKU Nokkrir drengir réðust í gær með hrotafengnum hætti á stúlkunni við Lóuhóla í Efra Breiðholti. Spörkuðu þeir og gengu í skrokk á stúlkunni, sem var síðan flutt á sjúkrahús. Grunur leikur á að hún sé úlnliðsbrotin. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík náði hún þó einnig að veita drengjunum nokkurt tjón. Krakkarnir eru á aldrinu 14-16 ára og telur lögregla að þeir þekktist.

BÍLVELTA Í DALASÝSLU Bill valt í Hvolsdal í Dalasýslu aðfaranótt sunnudags. Bilstjórninn var einn í bílnum og meiddist lítið en bifreið hans gjör-eyðilagðist. Billinn hafnaði að hluta til í Hvolsdal og lenti í stórgryti og fór því svona illa.

RJÚPNASKYTTUR VILLTUST Lögreglan á Húsvík ræsti út björgunarsveitir um sex í gær í nágrenni Gæsafjalla. Þar höfðu tvær rjúpnaskyttur villst af leið en náðu símasambandi við neyðarlínu og báðu um aðstoð. Mjög dimm þoka var á svæðinu og nánast komið myrkur.

AFTANÁKEYRSLA VIÐ BLÖNDUÓS Árestur varð við Torfaleik, vestan við Blönduós, þegar bifreið klessti aftan á aðra. Engin slys urðu á fólki en annar billinn var svo illa skemmdur að flytja þurfti hann burt með krana.

2 fyrir 1

Búdapest

24. og 31. okt.

frá kr. 49.990

Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætum til Búdapest þann 17. október. Þú þókr 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1 og kynnist þessari glæsilegu borg á einstökum kjörum.

kr. 19.990

Flugsæti með sköttum. 2 fyrir 1 tilboð. Netverð á milli.

Gisting frá kr. 2.800

Gisting þr. nótt á milli í tvíþvölu í Hotel Tulip Inn með morgunverði. Netverð.

Heimssferðir

Skágarásir 16 • Sími 595 1000 • Akureyri sími 601 1000 • www.heimssferdir.is

VEÐURSPÁ

um hádegis

Guðbjörg Amardóttir Náttúrufræðingur

Aðgerðarfréttir veður: Það má reikna með fremur hægum austlægum áttum víðast hvar á landinu. Það má reikna með skúrvæðri á SA landi fram eftir degi, en þá bætir eitthvað í rigninguna. Að sama skapi má reikna með einhverjum dögum norðan- og austurlands. Hitinn er á bilinu 5-12 stig í dag.

HÖRFUR Í HÖFUDBORGinni: Hæg austanft og yfirleitt úrkomulíð. Gæti rofað eitthvað til en annars verður yfirleitt skyjað. Hiti yfir hádeginn 9 stig en kolhar með kvöldinu.

Kaupmannahöfn	11°C heiðskirt	Paris	16°C rigning
Oslo	10°C heiðskirt	Berlin	11°C skyjað
Stokkhólmur	7°C skyjað	Frankfurt	16°C léttskyjað
Helsinki	9°C heiðskirt	Madrid	19°C skyjað
London	17°C heiðskirt	Barcelona	23°C hálfskyjað

á morgun

Fremur hæg austanft átt og yfirleitt úrkomulíð.

miðvikudagur

Austanft og væla um landið austanvert, annars yfirleitt þurr.

Algarve	20°C skyjað
Milano	18°C skyjað
New York	20°C hálfskyjað
San Francisco	19°C heiðskirt
Orlando/Florida	29°C hálfskyjað

* Svæði þar sem búast má við talserví vætu eru skygga á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknúð með dögnum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Fjárfesting 2006: Hvar verða bestu tækifærin?

Haustfundur Eignastýringar Íslandsbanka

Haustfundur Eignastýringar verður haldinn á Nordica Hótel að Suðurlandsbraut 2, þriðjudaginn 18. október og hefst kl. 20.00.

Sérstakur gestur fundarins er Chris Gessel, aðalritstjóri Investor's Business Daily (IBD) í Los Angeles. Stofnandi og eigandi IBD, William J. O'Neill, er einn kunnasti fjárfestir 20. aldarinnar og varð m.a. kunnur fyrir að ná 2000% ávöxtun á 26 mánaða tímabili. Árið 1984 stofnaði hann IBD sem er dagblað sérstaklega tileinkað fjárfestum. Chris Gessel er einn nánasti samstarfsmaður O'Neills.

Skráðu þátttöku þína á isb.is eða hjá Þjónustuveri Íslandsbanka í síma 440 4000 fyrir kl. 12.00, þriðjudaginn 18. október.

Fundurinn er öllum opinn en sætafjöldi er takmarkaður. Boðið verður upp á kaffiveitingar fyrir fundinn.

Húsið opnar kl. 19.30.



Dagskrá

Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs, setur fundinn.



How to Succeed With Investor's Business Daily and CAN SLIM?

Chris Gessel, aðalritstjóri IBD.



Hvar eru tækifærin á íslenska markaðnum 2006?

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Eignastýringar Íslandsbanka.

Fundarstjóri: Dr. Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri Reykjavík Global Hedge Fund.



ÍSLANDBANKI | 100%



KJÖRKASSINN

Er dómsmálaráðherra vanhæfur til að tilnefna saksóknara í Baugsmálinu?

Já	23%
Nei	77%

SPURNING DAGSINS

Verður Geir H. Haarde farsæll leiðtogi sjálfstæðismanna?

Bæjarstjórn Vesturbýggðar samþykkir veiðibann:

Umfjöllun hrekur ferðamenn frá

LANDSÞYGGÐARMÁL Fréttir af skotveiðibanni frá og með 15. október sem bæjarstjórn Vesturbýggðar samþykkti á fundi sínum á miðvikudag og tekur til allra þeirra sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu hafa skaðað þá sem standa að ferðaþjónustu á svæðinu segir Jón Hákón Ágústsson, eigandi gistiheimilisins Kaupfélagsins.

„Nú þegar vetur er genginn í garð er maður með allar klær úti til að fá ferðamenn hingað. Ég er nýbúinn að kaupa auglýsingar í blöðum þar sem ég höfða einmitt til veiðimanna en það er búið að fæla þá með frétt og tilkynningum af þessu banni sem í raun

hefur engin áhrif á skotveiði hér því svæðin sem um ræðir eru lítil skotveiðisvæði.“ segir hann og bætir við að átta manna hópur hafi afpantað hjá sér vegna þessa.

Guðmundur Gunnlaugsson segir að þessar eignajarðir í eigu Vesturbýggðar séu aðeins þrjár jarðir og því gildi bannið einungis á brotabroti af viðáttumiklu umráðasvæði sveitarfélagsins.

Eignajarðirnar sem um ræðir eru Vesturbotn í Patreksfirði, Hóll á Bildudal og Hringsdalur í Arnarfirði. Jón Hákón segir að ekki hafi mikið verið um skotveiði á þessum jörðum og því skilji hann ekki tilgang bannisins. -jse



JÓN HÁKON ÁGÚSTSSON Jón Hákón segir að veiðibann sem bæjarstjórnin samþykkti og skipti í raun engu máli hafi hrakið gesti frá.



Bilun í Farice-sæstreng:

Óljóst hvað gerðist

SAMSKIPTI Bilun varð hjá þjónustu- aðila Farice-sæstrengsins aðfaranótt sunnudags. Í gær var enn ekki ljóst hvað hefði valdið biluninni.

„Þetta var ljósleiðari í jörðu sem bilaði og ég veit í raun ekki nánar hvað gerðist en það tók allt of langan tíma að gera við bilunina.“ segir Guðmundur Gunnarsson framkvæmdastjóri Farice.

„Bilunin stóð í um sautján tíma sem er ekki gott þar sem þetta hægir á allri fjarskiptaumferð til og frá Íslandi. Umferðin færðist sem sagt yfir á Cantat 3 strenginn en hann er mun hægvirkami.“ -bog

Harry Potter gefinn út í Kína:


Loksins komin lögleg útgáfa

BÓKAÚTGÁFA Um átta þúsund eintökum af nýjustu Harry Potter bókinni hefur nú verið dreift í bókabúðir í Kína en fyrir þremur mánuðum komu út ólögleg eintök af bókinni.

Enska útgáfan af Harry Potter and the Half-Blood Prince kom út í júlí og óleyfileg kínversk þýðing á bókinni komst í dreifingu tveimur vikum seinna.

Í hana vantaði ýmsar setningar og einnig var farið rangt með ýmsar staðreyndir í bókinni. Útgefandi löglegu bókarinnar notaði sérstakan grænan lit í kápuna til þess að bókín sé auðþekkanleg frá sjóræningja útgáfunni. ■

ÚTGÁFU Á HARRY POTTER FAGNAD



HUNGURSNEYÐ YFIRVOFANDI Hörnungarástand ríkir í Malaví eftir afar slæman uppskerubrest og bæta áhrif alnæmisveirunnar ekki úr skák. NORDICPHOTOS/ GETTY IMAGES

Hungursneyð í Malaví

Forseti Afríkurlandsins Malaví hefur lýst yfir þjóðarhörnungum vegna matarskorts í landinu, og segir hungursneyð yfirvofandi.

MALAVÍ Yfirvofandi hungursneyð í Malaví mun hafa áhrif á um helming þjóðarinnar, að sögn forseta landsins, Bingu wa Mutharika, sem kallaði á hjálp frá öðrum þjóðum í ríkissjónvarpi og -útlvarpi landsins á laugardag. Að sögn forsetans skortir íbúa í öllum 28 héruðum landsins mat.

Neyðarástandið má að hluta rekja til afar slæmrar uppskeru vegna þurrka og skorts á fræjum og áburði, og hefur ástandið versnað mjög í landinu seinustu vikurnar. Auk þess vega áhrif alnæmisveirunnar þungt í hörnungarástandi þjóðarinnar, því margir bændur eru of veikir til að sinna um akra sína.

Ástandið er sérstaklega slæmt í suðurhluta landsins þar sem

margir þorpsbúar lifa eingöngu á rótarhnyðum vatnalíplöntunnar, sem græir á svæðum þar sem oft er mikið um krökóðfla. Á þessum tíma árs verða að minnsta kosti tveir menn í hnyðisleit krökóðflunum að bráð á dag.

„Fólk verður að velja annað af tvennu illu, annað hvort að sækja hnyði og taka áhættuna um að ráðist verði á það, eða að halda sig heima og fá ekkert að borða,“ segir veiðimaðurinn Khalid Hassen.

Forsetinn segir Malaví munu kaupa 300.000 tonn af maismjöli frá Suður-Afríku að verðmæti um þrjú milljarða íslenskra króna, en þörf er á að minnsta kosti 144.000 tonnum í viðbót.

Sameinuðu þjóðirnar áætla

að um fimm milljónir Malavíbúa muni þarfnast aðstoðar áður en langt um liður, en ellefu milljónir búa í landinu. Sameinuðu þjóðirnar hafa sótt um fimm milljarða íslenskra króna aðstoð til handa ríkinu en eingöngu tæplega tveir milljarðar króna hafa borist enn sem komið er.

Mutharika hefur verið ásakaður um að neita fréttum af dauðsföllum vegna veikinda sem hungur veldur og að kalla of seint eftir hjálp. Hann neitar þessum ásökunum og segir ríkisstjórn sína hafa brugðist við á réttan hátt. Forsetinn mæti sífellt meiri andstöðu og á fóstudag mótmælti þingidi meintum embættisbrotum hans.

smk@frettabladid.is

MICROSOFT NÁM

Sérfræðinám til undirbúnings alþjóðlegum Microsoft prófgráðum

MCP XP & MCDST

Sláðu tvær í einu!

MCP XP gráðan frá Microsoft er grunnbraut fyrir þá sem vilja verða hæfir til að sjá um rekstur og uppsetningu minni og meðalstórra tölvukerfa. Þeir sem ljúka þessu námi og því prófi sem það miðast við (70-270) fá viðurkenna alþjóðlega vottun sem „Microsoft Certified Professional“.

MCP námið er einnig grunnur að flestum öðrum sérfræðinámsháttum frá Microsoft.

MCDST er nýjasta prófgráðan frá Microsoft og gildir jafnframt sem val uppi **MCSA** gráðuna. **MCDST** hentar sérstaklega þeim sem þurfa að þjónusta notendavélar í fyrirtækjum og heimilum og vilja viðurkenna alþjóðlega vottun til að styrkja stöðu sína. Hentar einnig þeim sem hyggja á starf í tölvugeiranum þar sem við er farið að skilgreina **MCDST** gráðuna sem grunn fyrir nýja starfsmenn í tölvudeildum þar sem mikið er um útstöðvaþjónustu. Þessi gráða skiptist í tvo hluta:

- Supporting users and troubleshooting a Windows XP operating system (70-271)
- Supporting users and troubleshooting desktop applications on a Windows XP operating system (70-272)

Hefst 24. október. Stundafjöldi: 108 stundir. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans www.tsk.is.

MCSA

Aðalmarkmið þessarar námsbrautar er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt alþjóðlega vottun því til staðfestingar. Þessi námsbraut samanstendur af **MCP XP** og **MCDST** og **MCP Server** og netkerfi.

Hefst 24. október. Stundafjöldi: 180. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans www.tsk.is.

TÖLVUSKÓLINN PEKING
 Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



Fyrsta ræða nýs sjávarútvegsráðherra á landsfundi smábátaeigenda:

Þorpið fylgir ráðherranum

STJÓRNMÁL Einar K. Guðfinnson hélt sína fyrstu ræðu sem sjávarútvegsráðherra á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda á Grand hóteli.

Í ræðu sinni rakti hann þróun smábátutgerðar frá því að kvótakerfinu var komið á og til dagsins í dag. Sagði hann að staðan nú væri sú að notað væri aflamark í stjórnerfi veiða og skiptingu þeirra á útgerðarflokka og að ekki yrði víkið af þeirri leið. Sagði hann það fyrirkomulag það viðtækt að öll útgerðarform ættu að geta fundið sinn farveg innan þess. Nefndi hann þar almenna aflakerfið, krókaflamark og byggðartengd úrræði sem gripa mætti til. Allt þetta ætti að geta hentað stórum sem smáum og því væri mikilvægt að viðurkenna þessar leiðir og virða.



EINAR K. GUÐFINNSSON Hélt sína fyrstu opinberu ræðu sem sjávarútvegsráðherra á landsfundi smábátaeigenda.

Einar hóf ræðu sína á því að vitna í ljóð vestfirska skáldsins Jóns úr Vör. Ljóðið lýsti því hvernig vestfirski þorpið fylgir

skáldinu hvert fótmál og sagði Einar sitt þorp fylgja sér inn í sal Alþingis og á skrifstofu sjávarútvegsráðherrans. -jse



Borgarstjóri hlustar

Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörð tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju

Ólafur Valdimar Óskindóttir

Fundur í hverfinu þínu:

Fundarstaðir:

Laugardalur, fimmtudagur 20. október kl. 20

Laugarlækjarskóli

Háaleiti, þriðjudagur 25. október kl. 20

Breiðagerðisskóli

Grafarvogur, fimmtudagur 27. október kl. 20

Víkurskóli

Árbær-Grafarholt, miðvikudagur 2. nóvember kl. 20

Ingunnarskóli

Breiðholt, fimmtudagur 3. nóvember kl. 20

Gerðuberg

Kjalarnes, þriðjudagur 8. nóvember kl. 20

Klébergsskóli

Vesturbær, fimmtudagur 10. nóvember kl. 20

Safnaðarheimili Neskirkju

Miðborg, mánudagur 14. nóvember kl. 20

Ráðhús Reykjavíkur

Hlíðar, miðvikudagur 16. nóvember kl. 20

Kjarvalsstaðir

Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is



Borgarstjórinn í Reykjavík



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver er nýr formaður Sjálfstæðisflokksins?
- 2 Hvað var nýfæddur krónprins Dana þungur þegar hann fæddist?
- 3 Hvaða íslenska leikkona er að leika í nýrri sjónvarpsþáttaröð fyrir ABC?

SVÖRIN ERU Á BLS 34



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Sjálfstæðismenn álykta: Eignarhaldið takmarkað

STJÓRNMÁL Landsfundur Sjálfstæðisflokksins skorar á Alþingi að setja lög um eignarhald á fjölmiðlum. „Að undanförunu hefur nauðsyn rammalöggjafar um starfsemi fjölmiðla orðið æ augljósari,“ segir í ályktun fundarins.

Í ályktuninni er tekið til þess að koma þurfi í veg fyrir að markaðsráðandi aðilar geti haft áhrif á fréttaflokkun og skoðanamyndun í landinu. Til þess að ná þessum markmiðum þurfi að setja skorður við eignarhald fjölmiðla.

- saj

LÖGREGLUMÁL

ÚTSKRIFAÐUR AF GJÖRGÆSLU Ekið var á pilt á Hverfisgötu á laugardagskvöld. Pilturinn, sem er nítján ára, hefur nú verið útskrifaður af gjörgæsludeild en hann hlaut alvarlega áverka á höfði við slysið. 21 árs gömul stúlka ók bílinn. Enginn var handtekin vegna atviksins en ungmenninn sem voru með piltinum fóru á lögrelustöð í falli.

Hæstiréttur staðfestir gæsluvarðhald yfir átján ára pilti:

Ofbeldismaður áfram í haldi

DÓMSMÁL „Árásin var mjög hrottaleg og hending virðist hafa ráðið því að ekki fór verr,“ segir í gæsluvarðhaldsúrskurði Héraðsdóms Reykjaness yfir ofbeldismanninum unga sem réóst á jafnaldrá sinn, átján ára gamlan, með sveðju í samkvæmi í Garðabæ 2. október síðastliðinn.

Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms og mun árásmaðurinn sæta varðhaldi til föstudagsins 2. desember næstkomandi.

Lýsing fjögurra vitna ber með sér að kærði hafi beitt fjórutíu sentimetra langri sveðju með bognu og breiðu blaði við árás-



ina. Lögreglan hefur fundið vopn sem talið er hafa verið notað við árásina. Lögregla hefur einnig undir höndum tímasettar ljósmyndir úr samkvæminu sem sýna að ofbeldismaðurinn hafi skipt um fót og rakað af sér hár í þeim meinta tilgangi að villa um fyrir lögreglu. Blóð hefur fundist í skóm hans en þeir höfðu verið bleyttir, að því er virtist í þeim tilgangi að þvo þá.

Kærði hefur neitað aðild að árasinni.

- saj

HÚSIÐ VIÐ BÆJARGIL Árásin var gerð fyrir utan húsið þar sem samkvæmið var haldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bandaríkjamenn í Írak:

Fimm hermenn felldir

ÍRAK, AP Fimm bandarískir hermenn létust er sprengja sprakk á vegi í Írak á laugardag, þegar Írakar kusu um stjórnarskrá sína. Bandaríski herinn sagði frá þessu í gær en áður hafði herinn sagt að kosningarnar hafi farið fríosamlega fram.

Sprenging sprakk á landssvæði þar sem margir súnniar búa, en þeir höfðu sagst ætla að kollvarpa kosningunum. Þó er talið að fáir Írakar hafi kosið á þessu svæði.

Bandaríski herinn hafði fátár aðrar upplýsingar um sprenginguna. Að minnsta kosti 1.975 Bandaríkjamenn hafa fallið í átökunum í Írak síðan 2003.

- smk

Þörf á löggjöf um fjölmiðla

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir var kjörin varaformaður Sjálfstæðisflokksins á landsfundi í gær og hlaut um tvo þriðju atkvæða. Hún segir lög um fjölmiðla nauðsynleg en að slík lög beinist ekki að ákveðnum aðilum. Kristján Þór Júlíusson hlaut rúman þriðjung atkvæða til varaformennsku.

STJÓRNMÁL „Þetta var alveg stórkostlegt og frábær stuðningur að fá næstum því tvo þriðju atkvæða. Eg er mjög þakklát fyrir það,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og nýkjörin varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Hún segir fundinn hafa verið kraftmikinn, þar hafi verið bæði mikið af ungu fólki og ekki síður nýju fólki innan flokksins. Létt hafi verið yfir mannskapnum.

Í ályktun fundarins um menningarmál kemur fram að flokkurinn telji brýna nauðsyn á því að koma í veg fyrir samþjöppun og einokun á fjölmiðlamarkaði og skoraði fundurinn á Alþingi að setja lög sem tryggðu sjálfstæði íslenskra fjölmiðla.

„Þetta er mjög skýr ályktun og eindregin. Hún er algjörlega í samræmi við það sem stefna Sjálfstæðisflokksins hefur alltaf sagt okkur, við viljum samkeppni en ekki einokun, við viljum fjölbreytni en ekki fábreytni,“ segir Þorgerður. Hún segir þessa ályktun ekki beinast gegn neinum ákveðnum aðilum. Augljóst sé að þörf sé á rammalöggjöf um fjölmiðla. „Við eigum svo eftir að sjá hvernig vinnt úr þessu.

Skilaboðin frá landsfundinum í þessum efnum eru skýr og það er ágætt,“ segir Þorgerður.

Hinn nýi varaformaður segir að hart hafi verið tekið á í nefndarstörfum á landsfundinum. Tekist var á um samgönguáætlun, en hún telur að sú niðurstaða sem náðist hafi verið viðunandi. „Þetta er stór og mikill flokkur og fólk er ekki alltaf á sama meidi. En síðan ná menn niðurstöðu.“

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, bauð sig fram gegn Þorgerði Katrínu. Hann hlaut rúmlega 36 prósent atkvæða og er sáttur við þá útkomu. „Eg er mjög sáttur við þann stuðning sem ég hlaut í kjöri til varaformanns og get ekki litið með neinum öðrum hætti á tölurnar en að fólk sé ánægð með mín störf á þessu sviði,“ segir Kristján Þór Júlíusson.

saj@frettabladid.is

NÝ FORYSTA Geir H. Haarde formaður og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður gleðjast í lok landsfundar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Bók sem heldur þér í heljargreipum

Við fornleifaupgröft í gömlu miðaldaklaustri í Noregi kemur hópur alþjóðlegra vísindamanna niður á litið skrin úr skiragulli. Tvö þúsund ára gamalt. Skriníð er harðlæst en fornleifafræðingarnir vita að það geymir leyndardóma sem kunna að breyta gangi sögunnar ...

GULLSKRÍNÍÐ ER FUNDIÐ!
– og það geymir sannleikann sem allir hafa leitað

„Miklu betri en Da Vinci lykilinn.“

Aftenposten

30%
AFSLÁTTUR
Gildir til 31.10.2005.

PODINN

Eymundsson

Nýr vefur Dómstólaráðs með dómum:

Óvíst hvenær opnað verður

DÓMSMÁL Anna Mjöll Karlsdóttir, framkvæmdastjóri Dómstólaráðs, segir ekki hægt að segja til um hvenær ný heimasíða héraðsdómstóla landsins komist í loftið, en búið er að loka þeirri sem fyrir var.

Nú er á slóðinni domstolar.is einungis að finna tilkynningu um að ný síða sé væntanleg og slóð á vefsíðu Héraðsdóms Norðurlands eystra, en þar hafa um árabíl verið birtir dómur á netinu.

Anna Mjöll segir viðbúð að opnað verði í áföngum, byrjað á upplýsingum um dómstólana, birtar dagskrár þeirra og svo í framhaldinu bætt við dómabirtingu. „En við gerum ráð fyrir að allir dómstólarnir fari inn í nýja kerfið, líka Héraðsdómur Norðurlands eystra,“ segir hún.

Ingvaldur Einarsdóttir héraðsdómari, formaður dómstólaráðs, segir nýja kerfið vera byggt á Outcome-vefumsjónarkerfinu og gerir ráð fyrir að síðurnar verði keyrðar í einhverjar vikur meðan fram fer villuleit og prófun, áður en kemur að formlegri opnun.

„Við reynum að hraða þessu eins og við getum en tímasetningar helgast af svo mörgum þáttum að erfitt er að nepla þær niður,“



HEIMASÍÐA DÓMSTÓLARÁÐS Núna er bara tilkynning um að ný síða sé væntanleg á heimasíðu héraðsdómstóla landsins.

segir hún en bætir við að vonir standi til að náist að ljúka verkinu fyrir áramót.

Hugbúnaður Outcome og fyrirrennarar hans hafa verið notaðir í vefsíðugerð allt frá árinu 1997 og þróast á þeim tíma frá því að vera uppsetning á einföldum heimasíðum yfir í gerð umfangsmikilla gagnvirkra gagnagrunnsvefja, að því er fram kemur á heimasíðu fyrirtækisins.

- óka

Ný kynslóð salatbara

Þetta er það
FLOTTASTA
sem ég hef séð

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella kútur
- Romain salat
- Mini penne í ferskum hvítlauk
- Kús kús tandarri
- Tortelini m/engifer
- Skinka
- Spinat
- Pepperoni
- Epli í kókóssósu
- Kartöflu strá
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætíþistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
Egils Sítrónu Kristall með í kaupbæti*.

*Tilboðið gildir út október mánuð.

Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



LEITAD SÉR MATAR Innflytjandi frá Líberíu finnur sér tær skjaldbökur til matar í Marokkó. Margir Afríkubúar fela sig nú í skógum fyrir marokkóskum hermönnum sem eru að reyna að koma í veg fyrir að þeir fari inn fyrir landamæri Spánar.

Ásbyrgi í Keldukerfi skiptir um hlutverk fram að næsta sumri:

Verzlun varð að félagsmiðstöð

LANDSBYGGÐIN „Maður verður einhvern veginn að bjarga sér þegar kreppir að,“ segir Ísak Sigurgeirsson en hann og eiginkona hans, Senee Sankla, eiga verzlunina Ásbyrgi í Kelduherfi sem nú skiptir um hlutverk.

Verzluninni var lokað 8. október síðastliðinn í fyrsta skipti í 31 árs sögu hennar en stefnt er að því að opna hana aftur næsta sumar. Hjónin ætla ekki að sitja aðgerðarlaus á meðan heldur vilja þau þakka sveitungum í Kelduherfi tryggindið sem þeir hafa sýnt verzluninni og því verður hún opin fjórar klukku-

stundir á föstudögum fyrir þá til að hittast og drekka kaffi.

„Verzlunin hefur náttúrlega nokkuð félagslegt gildi fyrir fólk hérna og var eins og félagsmiðstöð svo ég áfræð að reyna að anna því áfram,“ segir Ísak.

Hann segir að stjórnvöld hafi lengi látið í veðri vaka að vegir yrðu bættir á svæðinu og haldið opnum yfir allt árið en öðru sé nú nær. „Gjöldin hækka sífellt en vegirnir versna og ferðamenn áttu ekki greiða leið hingað fyrr en 20. júní í sumar. Það er verið að segja að ferðamannatímabilið sé alltaf að lengjast en við förum varhluta af því,“ segir Ísak.



VERZLUNIN ÁSBYRGI Verzlunin tók stakkaskiptum á föstudag en þá var hún opin í fjórar klukkustundir sem félagsmiðstöð frá klukkan 13 til 17.

Ríkið dæmt til greiðslu:

Parf að borga sekkjun salts

DÓMSMÁL Íslenska ríkið parf að greiða Saltkaupum ehf. tæplega 9,8 milljónir króna auk 700.000 króna málskostnaðar samkvæmt nýföllum dómi Hæstaréttar.

Upphæðin er 4,5 milljónum hærrí en kveðið var á um í dómi Héraðsdóms Reykjaness í desember í fyrra.

Vegagerð ríkisins óskaði í ársbyrjun 2002 eftir tilboðum í salt til rykbindingar á malarvegum í almennu útboði. Fyrir opnun tilboða var bjóðendum send tilkynning á faxi um að afhenda bæri saltið í stórsekkjum en fyrirtækið Saltkaup uppástendur að tilkynningin hafi ekki borist því í tíma. Gengið var til samninga við fyrirtækið eftir opnun tilboða.

Fyrirtækið gerði í mars sama ár viðbótarreikning vegna sekkjunnar og uppskipunar.

Ákvörðun ríkisins að semja ekki við sálfræðinga:

Brot á samkeppnislögum

HEILBRIGÐISMÁL „Sálfræðingar hafa barist fyrir því að komast inn í sjúkratryggingakerfið síðan 1976, frá því að lög um þá voru sett,“ segir Halldór Kr. Júlíusson, formaður Sálfræðingafélags Íslands.

Samkeppniseftirlitið hefur nú úrskurðað að sú ákvörðun að semja ekki við klíniska sálfræðinga um greiðsluþátttöku ríkisins í kostnaði sjúkratrygginga gangi gegn markmiðum samkeppnislaga. Ákvörðunardómurinn eru svohljóðandi: „Sú ákvörðun heilbrigðisyfirvalda að semja ekki við klíniska sálfræðinga um greiðsluþátttöku hins opinbera í kostnaði sjúkratrygginga af geðheilbrigðisþjónustu hefur skaðleg áhrif á samkeppni og fer gegn markmiði samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 1. gr. laganna.“

Á grunni samkeppnislaga



beinir Samkeppniseftirlitið þeim fyrirætlum til Jóns Kristjánssonar heilbrigðis- og trygginga-málaráðherra að hann sjái til þess að gengið verði til samninga við sjálfstætt starfandi klíniska sálfræðinga um greiðsluþátttöku hins opinbera í kostnaði sjúkratrygginga við geðheilbrigðisþjónustu klínískra sálfræðinga.

Haldór segir að sigur sé ekki í höfn fyrr en búíð sé að skrifa undir samning. Ráðuneytið hafi fjórar vikur til að taka ákvörðun um hvort það vísí málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnissráðs. En sálfræðingar hafi fulla ástæðu til bjartsýni með svo skýra niðurstöðu sem raun ber vitni.

HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Jón Kristjánsson hefur fjórar vikur til að bregðast við úrskurðinum.



Barentshafið:

Minnkandi þorsstofn

NOREGUR Þorsstofninn í Barentshafi hefur minnkað verulega, segja norskir og rússneskir fiskifræðingar sem hafa nýlökkið stofnstærðarmælingum þar.

Þó vilja fiskifræðingarnir ekki álykta enn að stofninn sé að hrynja og segja að leita þurfi fleiri upplýsinga áður en hægt sé að draga frekari ályktanir. Þorsstofninn mældist um tveir milljónir tonna í vor en nú mældist hann eingöngu ein milljón og þrjúhundruð þúsund tonn, kemur fram í norska blaðinu Fiskeribladet.



NISSAN
PRIMERA

SKIPT_um stíl



EKKERT VENJULEGUR

Primera
Verð 2.090.000.-

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, cruise control og bakmyndavél í lit.



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.jh.is

Opn.: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



FRÁ ÓLAFSFIRÐI Mikill stuðningur er við stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð í Dalvíkurbyggð, á Ólafsfirði og á Siglufirði.

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð:

Þverpólitísk samstaða um nýjan skóla

MENNTAMÁL Átta af tíu þingmönnum Norðausturkjördæmis og einn þingmaður úr Norðvesturkjördæmi hafa endurflutt á alþingi þingsályktunartillögu um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð en tillagan var einnig lögð fram á síðasta þingi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að skólinn bjóði upp á nám til stúdentsprófs, auk náms tengdu sjávarútvegi, en í greinargerð með tillögunni segir að vagma útgerðar og fiskvinnslu í landinu sé við Eyjafjörð og því eðlilegt að þar fari fram menntun skipstjórnarmanna og fiskvinnslufólks.

Enn fremur segir í greinargerðinni að mikill stuðningur sé við stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð í Dalvíkurbyggð, Ólafsfirði og á Siglufirði og ljóst að með jarðgöngum um Héðinsfjörð muni samstarf sveitarfélaganna eflast til muna á öllum sviðum.

Flutningsmenn tillögunnar eru allir þingmenn Norðausturkjördæmis, nema ráðherrarnir Valgerður Sveinisdóttir og Jón Kristjánsson, en Sigurjón Þórðarson, þingmaður Norðvesturkjördæmis, á einnig aðild að tillögunni.

- kk

Takk Snæbjörn

Ég vil bara þakka þér fyrir að koma og frita okkur mæðgumar. Í áraróðri höfum við þurft að deila á milli okkar tæknirúðu niðurhál og allt of litlum hraða. Þetta ómulega ástand hefur verið okkur dýrkeypt, ekki bara í krónum talað heildur kostað miklar og harðar samningviðbræður, jafnvel skuld eftir sig sér. En eftir að þú komst inn í líf okkar og færðir okkur HIVE hefur sambandið stóra verið betna.

Takk Snæbjörn.

3.990*
HiveLite


Þráðlaust internet
 4 GB niðurhál
 8 Mb tenging
 Hive netsími

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhál, 8 Mb tengingu, ódýrari samtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is

Hive

Kynskipting í stjórnum lífeyrissjóða 2004



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: SAGA NÓBELSVERÐLAUNANNA

Viðurkenna þá sem bæta heiminn

Nóbelsverðlaunin eru veitt árlega til visindamanna, uppfinningamanna, skálda og annarra sem veitt hafa framúrskarandi framlög til samfélagsins. Að hljóta Nóbelsverðlaunin telst til æðstu viðurkenninga fyrir að reyna að bæta heiminn.

Hver er saga Nóbelsverðlaunanna?

Sviðni Alfred Nobel (1833-1896), sem fann upp dýnamítið, hneykslasti á því hvernig það var notað til illra verka og stofnaði hann til verðlaunanna í erfðaskrá sinni. Þeim er ætlað að viðurkenna þá sem gera heiminn að betri stað fyrir mannféli. Fystu verðlaunin voru afhent við mikla viðhöfn árið 1901, í gamla konunglega tónlistarskólanum í Stokkhólmi. Síðan hefur konungur Svíþjóðar veitt þau árlega hinn 10. desember, á dánardegi Nobels. Tilkynning um verðlaunahafa er yfirleitt birt í október. Síðustu vikur hefur nóbelsnefndin tilkynnt hver hlýtur þessi eftirsóttu verðlaun þetta árið. Fyrstu verðlaunin voru veitt fyrir bókmenntir, eðlisfræði, efnafræði, læknisfræði og starfsemi í þágu friðar en árið 1969 var bætt við verðlaunum fyrir hagfræði.

Hve margir hafa hlotið verðlaunin?

Alls hafa 758 einstaklingar og átján stofnanir unnið til Nóbelsverðlaunanna, sumir oftar en einu sinni. Konur eru í miklum minnihluta heiðurshafar en einungis 33 konur hafa hlotið verðlaunin.

Hvaða Íslendingar hafa unnið til Nóbelsverðlauna?

Einungis Halldór Kiljan Laxness hefur hlotið Nóbelsverðlaun. Sá heiður hlotnaðist honum árið 1955 þegar hann fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum fyrir litríkan skáldskap sem sagður var hafa endurnýjað íslenska frásagnarlist. Þá var Daninn Niels Ryberg Finsen (1860 til 1904), sem hlaut Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1903, af íslenskum ættum. Íslendingar geta eignað sér aðeins meira í honum, því hann var að hluta til menntaður á Íslandi.



SPURT OG SVARÐ

MÓTMÆLI DÝRAVERNDUNARSINNA

Tilgangurinn að Keldur hætti tilraunum með dýr

Íslenskir mótmælendur söfnuðust saman fyrir framan Stjórnarráðið á laugardag og mótmæltu slæmri meðferð á tilraunamúsum. Fólkíð tók sér stöðu með mótmælaspjöld í hönd og fóru mótmælin fríðlega fram. Einn þeirra sem skipulögðu mótmælin var Tryggvi Guðmundsson.

Hverjir voru að mótmæla?

Það voru Raddir máleysislinga og félagar sem söfnuðust þarna saman og mótmæltu fyrir framan Stjórnarráðið. Þetta er lítið félag dýraréttindasinna á Íslandi.

Hvers vegna mótmæltu þið?

Vegna þess að það eru til mannúðlegri aðferðir við að prófa snyrtivörur og lyf. Tæknir nútímans hefur leitt það í ljós að

betri niðurstöður fást með því að prófa vörur á frumum og vefjum úr munnum. Það er munur á DNA úr mönnum og dýrum og því er verra að prófa á dýrum og þar af leiðandi engin ástæða fyrir þessari grimmu meðferð á dýrum.

Hverju viljið þið ná fram með mótmælunum?

Ég vonast til þess að Keldur taki eftir þessu hjá okkur. Eg vona innilega að þeir hætti eða minnki dýratilraunir sínar. Það er aðalmarkmið okkar. Þeir þurfa að færa sig til framtíðar og nota betri aðferðir við að gera tilraunir. Tími tilrauna á dýrum ætti að vera líðinn.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON DÝRARÉTTINDASINNI



BRETAR SÝNA GETUNA Liðsmenn fallhlífaveitar brezka flughersins á heræfingu sem sett var á svið fyrir varnarmálaráðherra Evrópusambandsins er þeir hittust í Lynham vestur af Lundúnum fyrir helgi.

Herafli Evrópu ekki í takt við tímann

Í nýrri sérfræðiskýrslu um varnarmál í Evrópu er komist að þeirri niðurstöðu að ráðamenn í flestum löndum álfunnar hafi sýnt vanrækslu með því að láta hjá líða að nútímavæða heraflla landa sinna svo að hann stæðist kröfur tímans. Varnarmálaráðherrar ESB-ríkja tóku undir þessa gagnrýni á fundi sínum fyrir helgi.

Á fundi ráðherranna, sem fór fram í miðstöð brezka flughersins vestur af Lundúnum, skorðu varnarmálaráðherrar Bretlands og Frakklands á evrópska bandamenn sína að grípa til ráðstafana til að nútímavæða heraflla sinn og auka fjárfestingar í búnaði sem gagnast við varnir gegn hryðjuverkum og öðrum ógnum nútímans.

Brezki ráðherrann John Reid tók undir niðurstöður skýrslu sem áhrifamikil varnarmálahugveita í Washington, CSIS, gaf út í vik-

unni. Þar eru stjórnvöld Evrópuríkja harðlega gagnrýnd fyrir að skera niður útgjöld til varnarmála og láta hjá líða að koma upp hersveitum sem færar eru um að vera sendar með skömmum fyrirvara um langan veg til að takast á við hættur á borð við hryðjuverkaöfl, ríki í upplausn og svæðisbundin átök.

„Við verðum að verja fé í að kaupa búnað sem hæfir ógnum nútímans, ekki ógnum síðasta eða þarsíðasta áratugar,“ tjáði Reid starfssystkinum sínum frá hinum Evrópusambandslöndunum, en hann stýrði fundi þeirra þar sem Bretar gegna formennskunni í sambandinu þetta misserið.

Hefur skort pólitískan vilja

Áframhaldandi hernaðarleg vangeta Evrópuríkjanna stefnir líka í að grafa undan Atlantshafsbandalaginu, eftir því sem munurinn heldur áfram að aukast á hernaðargetu Bandaríkjanna og evrópsku bandamannanna. Þetta fullyrða tveir fyrirverandi NATO-herforingjar, Klaus Naumann sem var yfirmáður þýzka herafllans, og bandaríski hershöfðinginn Joseph Ralston sem var yfirherforing NATO í Evrópu fram til ársins 2003, í formála að skýrslu CSIS. Stjórnvöld margra Evrópulanda hafa á undanförunum árum



JOHN REID Varnarmálaráðherra Bretlands brýnir evrópsku kollegana að standa sig betur.

verió að vinna, bæði í gegnum NATO og ESB, að því að breyta og bæta uppbyggingu heraflla síns, en í skýrslunni segir að evrópsku ríkisstjórnirnar - oft bundnar í báða skó vegna fjárlagahalla - hafi brugðist þessum fyrirheitum svo að framfarirnar séu allt of hægar og ná of skammt. „Evrópska ráðamenn hefur almennt skort pólitískan vilja til að gera það sem nauðsyn krefur til að loka þessari gjá milli þarfa og getu,“ segir í skýrslunni.

Samræmdur hergagnamarkaður lyklatríði

Að mati skýrsluhöfundanna er lyklatríði að hergagnamarkaður Evrópu - sem hingað til hefur verið

Léttar og þægilegar

TASKI swingo 750 B
36 mán. samningur:
15.638 kr/mán

TASKI swingo 1250 B
36 mán. samningur:
22.144 kr/mán

TASKI swingo 3500 B
36 mán. samningur:
47.173 kr/mán

TASKI

Engin fjárbinding!
Engin útborgun!

Gólfþvottavélar á rekstrarleigu

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Kínverjar búa sig undir lendingu mannaðs geimfars:

Voru fimm daga á sporbaug

Kínverjar bjuggu sig undir komu geimfarsins Shenzhou 6 í gærðag, en búist er við lendingu farsins nú í morgunsárið.

Tveir geimfarar, Nie Haisheng og Fei Junlong, voru um borð í geimfarinu, sem var skotið á loft á miðvikudag. Kínverjar urðu þar með þriðja þjóðin sem hefur sent mannað geimfar út í heim. Hinar tvær eru Rússland og Bandarík-in.

Geimferðin hefur gengið vel, að sögn kínverskra yfirvalda, og ríkir mikil gleði og stolt í landinu yfir ferðinni. Seinustu fimm dagana hefur geimfarið verið á sporbaug umhverfis jörðina og

jafngildir ferð þess um þremur milljónum kílómetrum.

Dagblað í Beijing birti mynd af geimförinum, þar sem þeir voru sýndir senda stafrænar myndir af farinu til höfuðstöðva sinna. Báðir voru bláklæddir og sátu í afar þröngu rými fylltu af virum og tölvubúnaði.

Shenzou, sem þýðir guðdóm-legt skip, var ætlað að lenda í Innri-Mongólíu nú í morgun og að sögn yfirvalda á veður á svæðinu að vera ákaflega hagstætt fyrir lendingu. Spáin næstu tvo dagana gefur fyrirheit um gott skyggni, hægán vind og þurrviðri. Sex þýrlur, fjórtán sérútbúnar bif-

reiðar og meira en 200 björgunarmenn munu bíða geimfarsins. Eftir lendingu áttu geimfararnir áttu von á fjórtíu mínútna heilbrigðisskoðun, auk fjórtán daga sóttkvíar. Sóttkviin verður ekki algjör einangrun, því fjölskyldur geimfaranna mega heimsækja þá á meðan henni stendur.

Kínverjar ætla sér að hefja þjálfun á kvenkyns geimförum á næsta ári.

- smk

KÍNVERSKT GEIMFAR Kínverjar sendu mannað geimskip út í geim síðastliðinn miðvikudag. MND/AP



Ert þú með rétt kort?



Getur þú unnið ...

500.000 króna MasterCard ferðaávísun?

Hvert hefur þig alltaf dreymt um að fara?

Allir MasterCard korthafar geta unnið ferðaávísun upp á hálfa milljón og farið í draumaferðina sína. Fyrir hálfa milljón mætti fara í veglega heimsreiðu eða skreppa 25 sinnum til meginlands Evrópu!

Notaðu MasterCard!

Í hvert skipti sem þú notar MasterCard kort frá 15. október - 31. desember 2005 ferðu í pott og eykur vinningslíkurnar.

Þú færð MasterCard kort í þínum banka eða sparisjóði!

Spurðu þjónustufulltrúann í þínum banka eða sparisjóði hvaða MasterCard kort hentar þér best.



Landsbankinn



SPARISJÓÐURINN



Netbankinn
— með betri vexti

Nánari upplýsingar í næsta banka, sparisjóði eða á www.kreditkort.is.

hólfaður niður eftir landamærum þjóðríkjanna - verði opnaður til að aðstæður skapist til stærðarhagkvæmni, betri samkeppnishæfni og betri nýtingar þeirra aura sem veitt er til rannsóknna og þróunar á þessu sviði.

Á fundi varnarmálaráðherra ESB fyrir helgi náðist áfangi að þessu marki og er vonast til að gengið verði frá samkomulagi í næsta mánuði þar sem nánar verði kveðið á um hvernig þessu verði komið í kring. Óháð því sömdu ráðherrar tíu ESB-ríkja um að þau ynnu saman að því að koma sér upp tankflugvélum sem geta fyllt á eldsneytisgeyma annarra herflugvéla á flugi, en skorturinn á slíkum vélum er meðal þess sem sagt er hamla hreyfanleika evrópskra herja einna mest.

Allt í allt verja ESB-ríkin 25 um 180 milljörðum evra, andvirði 13.300 milljarða króna, til varnarmála árlega. Þar af eru útgjöld Breta og Frakka nærri helmingurinn. Til samánburðar eyddu Bandaríkin nærri tvöfalt hærri upphæð til varnarmála á síðasta ári.

Höfundar CSIS-skýrslunnar mælast til að Evrópuríkin reyni að verja minnu til mannafla en þess í stað meiru til rannsókna og þróunar og kaupa á nýjasta og besta búnaði. Bandaríkjamenn verja fimm sinnum hærri upphæð til vígbúnaðarrannsókna en evrópsku bandamennirnir.



FRÉTTASKÝRING
AUDUNN ARNÓRSSON
blaðamaður

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
GUDMUNDUR MAGNÚSSON**

Nýir forystumenn munu líklega styrkja Sjálfstæðisflokkinn.

Viðreisn hófseminnar

Ekki er ólíklegt að það verði Sjálfstæðisflokknum til framdráttar meðal kjósenda og í almennri þjóðfélagsmæðu að hann hefur nú komið sér formann sem nýtur álits fyrir hófsaman og efnislegan málfutning. Geir H. Haarde er ekki eins litríkur og virkur kannski ekki á almenningi jafn spennandi og fyrirrennari hans, Davíð Oddsson, gerði á góðum dögum niunda og tíunda áratugarins. En íslensk stjórnmál þurfa í umrötinu sem nú gengur yfir öðru fremur á traustum og jarðbundnum mönnum með góða dómgreind að halda. Geir H. Haarde er því réttur maður á réttum tíma.

Enginn á von á því - né er hægt að ætlast til þess - að með nýjum formanni greybti Sjálfstæðisflokkurinn um stefnu. Geir H. Haarde hefur verið samferðamaður Davíðs Oddssonar frá upphafi og grundvallarsjónarmið þeirra eru væntanlega hin sömu. En menn eiga von á því að stíllinn verði annar. Það verður kannski ekki skipt yfir í samráðsstjórnmál á einni nóttu, en þróunin verður áreiðanlega frá hinum frekjulegu foringjastjórnmálum undanfarninna ára til rökræðna og málamíðana.

Sjálfstæðisflokkurinn er sterkur og samhentur flokkur og ekki er ástæða til að ætla að eindregnin sem einkennt hefur hann undanfarnin ár röðist að ráði á næstu misserum. Úrslitin í formannskjöri á landsfundi sjálfstæðismanna sýna að hinn nýi formaður nýtur óskorads stuðnings trúnaðarmanna flokksins. Ekki eru í fljótu bragði sjáanleg foringjafni sem skakað geta honum á næstummi. Líklegt er hins vegar að umræðan innan flokksins og í grennd við hann verði smám saman fjölbreyttari, frjórri og gagnrýnni en verið hefur.

Kjör Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur sem varaformanns mun að líkindum styrkja stóðu Sjálfstæðisflokksins meðal kvenna, en þar hefur hann átt undir högg að sækja.

Ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins voru flestar með hefðbundnu sniði. Samþykkt fundarins um að fella beri úr gildi ákvæði stjórnarskrárinnar um lagasýnunarvald forseta Íslands sætir hins vegar fjóðnum. Kemur nokkuð á óvart hve mikið fylgi tillagan fékk þegar haft er í huga að skoðanakannanir sýna að mikill meirihluti kjósenda vill að synjunarvaldið verði óbreytt. Þá virðist ekki vera meirihluti fyrir hugmyndinni á Alþingi. Ógætileg meðferð þessa máls gæti skapað sjálfstæðismönnum erfiðleika.

Samþykkt landsfundarins um fjölmiðlamál er fremur máttleysiga orðuð miðað við þær brýningar sem fyrrverandi formaður, samherjar hans og ritstjóri Morgunblaðsins hafa haft í frammi um þessi efni. Vonandi merkir það að nú fari að verða hægt að ræða málin á yfirvegaðan hátt og að ekki verði gerð tilraun til að setja fjölmiðlalög sem misbjóða réttlætistilfinningu almennings. Í því sambandi er holt fyrir sjálfstæðismenn að hafa í huga að þótt þeir vilji afnema synjunarvald forseta Íslands er það enn fyrir hendi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Miklar breytingar

Í gauragangi stjórnmálanna, ekki síst nú um stundir, vilja stundum gleymast mikilvæg og þörf verk sem unnin eru án þess að barið sé í bumbur. Í grein í vefriti framsóknarmanna, Tímanum, er sagt frá því endurbótastarfi á sviði opinberra stjórnsýslu sem nú er unnið að undir forystu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra. Gangi þessar endurbætur efir munu meðal annars verða miklar breytingar á starfsemi Stjórnarráðsins, „líklega þær mestu síðan að stjórnsýslu- og upplýsingalögin voru sett fyrir rúmum áratug“, segir Tíminn.

Fækkun ráðuneyta

Tíminn segir að félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra séu að vinna að hugmyndum um að fækka ráðuneytum, til dæmis með því sameina

atvinnuvegaráðuneytin í eitt, hagsnæga að setja alla velferðarþjónustuna undir eitt ráðuneyti, koma á sérstöku innanríkisráðuneyti og fleira. Í öðru lagi sé starfandi stjórnskráráðgjafi allra flokka undir forystu Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra. „Nefndin hefur starfað af krafti og m.a. haldið tveir opnar ráðstefnur, auglýst eftir hugmyndum almennings og félagsagataka við góðar undirtektir. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum fyrir lok næsta árs. Margt hefur komið til umræðu við endurskoðunina s.s. fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslna, hlutverk Alþingis, hlutverk forsetaembættisins, kjördæmaskipan og fleira“.

Einfaldri stjórnsýsla

Í þriðja lagi nefnir Tíminn að forsætisráðuneytið sé að setja af stað áttak við að láta ráðuneytin farna yfir laga- og reglugerðarverk, hvert á sínu sviði, og koma með tillögum til hvernig skynsamlegast sé að einfalda stjórnsýsluna og auka skilvirki. „Loks er nefnt að starfandi sé nefnd allra flokka um lagaumhverfi stjórnmálastarfseminnar. Þar sé að skoða hvort setja þurfi frekari reglur um starfsemi stjórnmálaflokka, en það hefur oftsinnis komið til umræðu á síðustu misserum. „Mörg lönd hafa sett lög um stjórnmálaflokka og þá sérstaklega fjármál þeirra og nú er verið að skoða það hvort þörf sé á því hlerlendis“ segir Tíminn.



gm@frettabladid.is

Hvað er þetta með Baug og Davíð?

Hannes Hólmsteinn staðhæfði eitt sinn í viðtali að ég sóaði kröftum mínum í greinaskrif - væri auk þess alltaf að skrifa sömu greinina sem fjallaði um Davíð Oddsson. Eins og Ólafur Káráson sagði gjarnan við heitkonuna: er þetta nú ekki eitthvað orðum aukrið? Sjálfum þykir mér það þrýðileg iðja á sunnudagsmorgnum að skrifa greinar og man ekki til þess að hafa nokkru sinni skrifað grein um Davíð Oddsson. En þegar haldið er úti dálki um þjóðmál er erfit að komast hjá því að taka afstöðu til orða hans og athafna; ég hef með öðrum orðum oft brugðist við ummælum hans eða verkum án þess að vilja sérstaklega að manninum sjálfum, sem mér hefur raunar löngum þótt heldur skemmtilegur en stundum nokkuð ógáfullur í tali eins og oft hendir orðheppið og tilfinningaríkt fólki.

Ég man hins vegar eftir því að hafa í grein beðið skoðanasýstkin mín á vinstri væng að hætta þessum eilífur kveinstöfum um skapferli hans, hætta að kveinka sér undan honum. Eiginlega má það merkilegt heita hversu laginn ég hef verið við að koma mér hjá því að skrifa um Davíð Oddsson um dagana.

Nú stígur hins vegar þessi mikli leiðtogi niður af sviðinu - og skellir hurðum, svo maður verður ógn þvums og segir: Það er nefnilega hvo. Og spyr: hvað er þetta eiginlega með Baug og Davíð? Hví sér hann Baug í hverju horni? Menn segja að þarna sé gamli fundarstjórnin á aðalfundum Eimskips að hefna harma Kolkrabbans, fjölskyldunnar fjórtán sem enn eiga einhver bílaumbod og olíufélag - og náttúrliga Morgunblaðið og Styrmi - en hafa á öðru leyti farið halloka fyrir nýjum kaupsýslumönnum í kjöl-

Í DAG TILGÁTA UM ÓVILD



GUDMUNDUR ANDRI THORSSON

Nú stígur hins vegar þessi mikli leiðtogi niður af sviðinu - og skellir hurðum, svo maður verður ógn þvums og segir: Það er nefnilega það.

úrásar og meira að segja Orca-hóps. Og hverjum áttu um sárt að binda af völdum Baugs? Voru þá ekki gömlu heilsalarnir? Sjálf hryggleggjarn í Sjálfstæðisflokknum? Alt í einu gat Bónus farið að bjóða upp á alls kyns varning á ötrúlega lágu verði - það hlýtur að hafa gerst á kostnað þessara heilsala sem sátu í náðum sínum og hirtu sinn matarskatt. Getur ekki hugsast að með þessu hafi Baugsmenn rofið einhver heilög gríð? Og í hvern skyldu vesalings heilsalarnir hafa líklegt með harmkvalasögum um miskunnarleysi Bónusmanna?

Oft er talað um haftatímamenn sem ríkti á Íslandi fram eftir allri 20. öldinni eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi hvergi komið þar nærri - þessi flokkur sem þó var lengst af í ríkisstjórn á þessu skeiði. Og stundum er talað um haftatímamann eins og þá hafi grámyglulegir kommissarar setið í sínum krumpuðu fötum á sínum gluggalausum kontorum, fullir af flösu og óngyldni og þjónað sinni fúlu lund með boðum og bönnum um hvaðeina. Ekki skal gert lítið úr þeim dröma sem fylgdi haftabúskapnum - en gleymist ekki þáttur heilsalanna? Þetta voru mennirnir sem skömduðu okkur morgunkornið og sjampóíð, gólfteppin og skrifurnar, búðingana, nammíð og fóurbæturinn - mennirnir sem skiptu með sér innflutningum til landsins og greiddu seilr sína tíund til Flokksins. Bónus raskaði þægilegu jafnvægi í viðskiptalífinu. Þegar allir litlu heilsalarnir misstu spón úr aski sínum hrundi kerfið.

Sum sé - á endanum tókst mér ekki að hafa þessa grein um Davíð Oddsson sem slíkan. En honum fylgja úr þessum ranni góðar óskir á nýjum vettvangi.

Stjórnækniskóli Íslands
Bíldshóla 18
Sími 567 1466

MARKAÐSFRÆÐI

Hnitmiðað 250 stunda nám í sölu og markaðsfræðum. Náminu er ætlað að koma til móts við sívaxandi kröfur atvinnulífsins um hæfari starfskrafta. Námið er ætlað fólki sem vill bæta við þekkingu sína og fá innsýn í heim markaðsfræðinnar, og að nemendur tileinki sér markaðshugsun í íslensku viðskipta og athafnalífi, og nái þannig betri árangri. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og verkefnavinnu.

Helsu námsgreinar:

- Markaðsfræði
- Sölustjórnun og sölutækni
- Vörubrúun
- Vörustjórnun
- Auglýsingar
- Áætlanagerðir
- Viðskiptasiðferði
- Lokaverkefni



Gróa Ásgeirsdóttir, Flugfélag Íslands.



Hendricus Bjarnason
Tæknilegur ráðgjafi og umsjónamaður markaðsengdra verðbréfa kerfa ING-bankans í Amsterdam

Starfsmenntun. Fjárfesting til framtíðar.
WWW.menntun.is Sími 567 1466. Opíð til kl. 22.00.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Halliðsson FULLTRÚR RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚR: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSíMI: 550 5000 SÍMBREYF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vísir.is UMBOÐI: 365 – prentmiðlar PRENTVINGNLSA: Isalíólarprentsmiðja ehf. DREFNING: Pósthúsið ehf. drefning@posthusid.is Frettablaðinu er dreift ókeypis á heimil í húsnæðisráðgjafum, Suburnesjum og Álakuneyti. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Frettablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafnum formi og í gagnabanknum án endurgjalds. ÍSN 1670-3871

fljótlegt og þægilegt

allt í matinn á mánudegi

Austurlenskt hakkbuff í kókos karri

40%
Afsláttur



GOÐI

Gott
og fljótlegt

Naggalínan
40%
Afsláttur

Bók nr. 2
er komin
í Nettó

Suduko talnagátur

995 kr/stk

Veruleg
verðlækkun
á Buitoni pasta
og spaghetti



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 17-19 okt eða á meðan birgðir endast.

Nettó - Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

nettó



PHILIP SIDNEY (1554-1586)
LÉST PENNAN DAG.

„Það er mikil hamingja að hjóta hrós frá þeim sem eiga það mest skilið sjálfir.“

PHILIP SIDNEY VAR ENSKUR HIRDMADUR, SKÁLD OG HERMADUR.

tímamót

tímamot@fretabladid.is

JARÐARFARIR

- 13.00 **Gunnar Gíslason** vélstjóri, til heimilis á dvalarheimilinu Grund, verður jarðsöngurinn frá Bústaðakirkju.
- 13.30 **Guðmundur Sigmundsson**, fyrrum sjómaður, Akureyri, verður jarðsöngurinn frá Akureyrarkirkju.
- 15.00 **Björn Halldórsson**, Nesvegi 49, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Nesirkirkju.
- 15.00 **Sigursteinn Guðsteinsson**, áður til heimilis í Veghúsum 31, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Fossvogskirkju.

ANDLÁT

- Halldór Sölví Björnsson**, Fljótaselí 13, Reykjavík, lést mánudaginn 3. október. Jarðarför hefur farið fram í kyrrey.
- Margrét Ingibjörg Egilsdóttir** frá Siglufirði, Þorragötu 9, Reykjavík, lést miðvikudaginn 5. október. Jarðarför hefur farið fram í kyrrey.

AFMÆLI



Broddi Broddason fréttamaður er 53 ára.



Andri Már Ingólfsson hjá Heimsferðum er 42 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórfæmi, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið tímamot@fretabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@fretabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Þegar andlát ber að

Síðastliða 15 ár höfum við fregar aðstoðar við myndningu útfara. Allhliða útfararþjónusta. Símar: 967 9110, 893 8638 og 897 3020. Útfararþjónustan ehf. Stúðal 1990

LEGSTEINAR

S. HELGASON
Skemmtuveggi 48
S. 557 6677
www.steinsmidjan.is

Guðrún Lárusdóttir

Guðrún Lárusdóttir var fædd 8. janúar 1880 á Valþjófsstað, dóttir Lárusar Halldórssonar prófests og alpm., síðar frikirkjuprests, og k.h. Kirstínar Pétursdóttur Guðjónsen. Erfói Guðrún lifandi trú úr báðum ættum og naut góðrar fræðslu í fósturgarði. Húsfreyja í Ási á Sölvöllum í Rvík 1906-38, rithöfundur, virkur leikmaður í kristilegu starfi, vann að bindindis-, félags- og mannaáðarmálum, einn helsti oddvilti kvenna í þeim efnum. Bæjarfulltrúi í Rvík 1912-18, fátækrafulltrúi 19 ár, landskjórnin alþingism. 1930-38. Form. KFUK 1928-38 og Kristniðóséfal. kvenna í Rvík 1926-38. Fyrsti form. Húsmæðrafélag. Rvíkur 1935-8. Druknaði með tveimur dætrum sínum í Tungufjöti 20. ágúst 1938. Frumsamin rit: Ljós og skuggar I-III, 1903-5, Sólargleislinn hans, Feringargjöfin. Sönn jólagleði, Á heimleið (einnig dönsk þýð. og leikgerð), Sigur, Tvær smásögur (og færreyk þýð.), Brúðargjöfin, Fátækt, Þess bera menn sár I-III, Systurnar, 1938, og Ritsafn I-IV, 1949. Þýði: Spádomar frelsarans, 1900, Tómas frændi e. H.B. Slowe, hluti af Sögum eftir Topelius og Móðir og barn. Guðrún giftist 1902 Sigurbirni A. Gíslasyni, forstjóra EIII- og hjúkrunarheimilisins Grundar. Áttu tíu börn, fimm dóttur, en meðal hinna voru Lárus rithöfundur og Gíslí Ási, forstjóri Grundar. Fleiri meðal barna og afkomenda þeirra hjóna hafa verið þekktar persónur í þjóðlífinu.

Meira um hana á gardur.is

Hægt er að selja þin óvirkni útsönu lausnanna með þú að tryggja í síma 595 2700 eða á gardur.is

PETTA GERÐIST > 17. OKTÓBER 1980

Páfinn býður drottningu velkomna

Á þessum degi árið 1980 heimsótti Elisabet Englandsdrottning Páfararð í Róm á Ítalíu. Jóhannes Páll páfi annar bauð hana og eiginmann hennar Filippus prins hjartanlega velkominn. Drottningin var klædd í langa svarta kápu samkvæmt reglum Vatíkansins. Blásið var í lúðra meðan hin konunglega fylking gekk hægt inn í Klementínusalinn en páfinn tók á móti konungshöndnum við innganginn að einkabókasafni Vatíkanið á ný til að halda upp á að tuttugu ár voru sínu. Páfinn afhenti drottningunni afrít af handriti Dante, hinum guðdómlega gleðileik, og hann fékk



DROTTNINGIN HITIR PÁFAN

í staðinn bók um Windsor-kastala og tvær áritaðar myndir af drottningunni. Heimsókn drottningarinnar var áttin stórt skref í samskiptum ensku biskupakirkjunnar og kirkju rómverk-kaþólskra í Bretlandi. Tveimur árum síðar heimsótti Jóhannes Páll páfi drottninguna í Buckingham-höll á ferðalagi sínu um Bretland. Árið 2000 heimsótti drottningin

Vatíkanið á ný til að halda upp á að tuttugu ár voru sínu. Páfinn afhenti drottningunni afrít af handriti frá því hún og páfinn hittust fyrst.

MERKISATBURDIR

- 1755 Kötlugos hefst og stendur fram í febrúar. Þetta var mesta öskugosið í Kötlu á sögulegum tíma.
- 1888 Timaritíð National Geographic kemur út í fyrsta sinn.
- 1931 Mafíósinn Al Capone er dæmdur í ellefu ára fangelsi fyrir skattsvik.
- 1941 Ellefu menn farast þegar þýski kaþólikurinn U-568 skýtur á bandaríska tundur-spillinn Kearny suðvestur af Íslandi.
- 1979 Móðir Teresa hlýtur friðarverðlaun Nóbels.
- 1989 Mikill jarðskjálfti ríður yfir San Francisco í Bandaríkjunum.
- 1997 Stækkað áhrer Íslenska álfélagssins hf. í Straumsvík er formlega tekið í notkun.

ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON: FRUMSÝNIR NÝTT LEIKRIT

Hugmyndin fæddist í Alþýðuleikhúsinu

Um helgina var frumsýnt nýtt leikrit eftir Ólaf Hauk Símonarson í Þjóðleikhúsinu. Leikritið Halldór í Hollywood fjallar um veru Halldórs Laxness í Hollywood á árunum 1927 til 1929. Hugmyndin að leikritinu er þó ekki ný af nálinni. „Þessi hugmynd kom upp á síðustu öld þegar ég var leikhústjóri Alþýðuleikhússins,“ segir Ólafur en þrátt fyrir að öllum hafi litist vel á hugmynd hans voru ytri aðstæður í leikhúsinu sem gerðu aðstandendum þess erfitt fyrir og síðar lagðist leikhúsið af. „Þannig að þessi hugmynd dagaði uppi en ég var búinn að leggja fyrstu drög að þessu máli,“ segir Ólafur, sem er nýlega fluttur heim frá Danmörku þar sem hann hefur búið með fjölskyldu sinni í eitt og hálf ár.



LEIKRITASKÁLDIÐ Ólafur Haukur er nýfluttur heim frá Danmörku með fjölskyldu sína. Hann fékk hugmyndina að Halldór í Hollywood þegar hann leikstjóri í Alþýðuleikhúsinu á sínum tíma.

„Þegar Tinna Guðlaugs, sem var nú með okkur í Alþýðuleikhúsinu á þessum árum, tók við í Þjóðleikhúsinu mundi hún eftir þessu en ég hafði einhvern tíma lesið þetta fyrir hana í gamla daga. Hún bauð mig um að fara á skúffurnar og athuga hvort ég ætti einhver drög eftir af þessu,“ segir Ólafur, sem þurfti ekki að kafa djúpt.

„Það var auðvitað langur tími liðinn en nú var Halldór genginn til feðra sinna og að því leyti eðlilegra að framkvæma þetta en meðan hann var enn á lífi,“ segir Ólafur hugsi. Hann var til að byrja með ekki allt of sannfærður um ágæti verkefnisins en komst að þeirri niðurstöðu að tímabært væri að rifja þetta tímabil í lífi nóbelskaldsins upp.

„Hann var sérstakur maður og því leyti að hann setti sér háleit markmið og vildi skrifa fyrir heiminn,“ segir Ólafur, sem fannst þessir eiginleikar endurspeglast í lífi Halldórs á árunum í Kanada og Kaliforníu þar sem hann vildi ná árangri í kvikmyndagerð sem handritshöfundur. „Það munaði svo sem ekki miklu að ætlunarverk hans lukkaðist. Það var hans óheppni og heppni íslensku þjóðarinnar að kvikmyndin um Sölkú Völkú fór í vaskinn,“ segir Ólafur og hlær. „Þá hefði hann kannski aldrei skrifið að þessa skáldsögu eða þau verk sem á eftir komu.“



HALLDÓR Í HOLLYWOOD Atli Rafn Sigurðarson túlkar hinn unga Halldór sem kemur til Kaliforníu uppfullur af trú um að geta gert stóra hluti.

Að mörgu þarf að huga fyrir frumsýningardag en Ólafur segir mestu spennuna horfna á sýningunni. „Spennan er sjálfsgat meiri hjá leikurunum en okkur leikstjóranum. Við erum

búinn að gera það sem við getum gert en síðan verðum við að sjá hvort það sé til sigurs,“ segir Ólafur, sem er mjög hrifinn af túlkun Atla Rafns Sigurðarsonar á skáldinu. „Hann færir okkur ungt skáld og hugsjónamann. Hann hefur ákveðna hluti úr sameiginlegri minningu okkar um Halldór í sinni túlkun en á hinn bóginn túlkar hann hvernig það er að vera ungur og fullur af trú á að maður geti gert eitthvað merkilegt,“ segir Ólafur um leik Atla, sem hann telur lýsa vel þeim vonbrigðum og efasendum sem sækja að Halldóri.

„Ég hef trú á því að þetta verði fjórleg og skemmtileg sýning og að við endurheimtum skáldið og menneskjuna,“ segir Ólafur, sem situr við skrifrit flesta daga ársins og vinnur nú að ýmsum verkefnum. Búast má við nýrri skáldsögu frá rithöfundinum í kringum áramótin.

FÆDDUST PENNAN DAG

Gunnar Gíslason

vélstjóri, til heimilis á dvalarheimilinu Grund, lést á Landspítalanum sunnudaginn 9. október. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju mánudaginn 17. október kl. 13.00.

Hermann Gunnarsson
Sigrún Gunnarsdóttir Nielsen
Ragnar Gunnarsson
Kolbrún Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Jeppe Nielsen
Ásgerður Karlsdóttir



1915 Arthur Miller leikritaskáld.



1918 Rita Hayworth leikkona.



1920 Montgomery Clift leikari.



1900 Jean Arthur leikkona.



Þarft ekkert annað!



HP Pavilion Photosmart t845

Intel Pentium 4 2,93Ghz örgjörvi
512MB DDR vinnsluminni
ATI Radeon X300 128MB skjákort
200GB harður diskur
Sjónvarps- og útvarpskort
Fjarstýring
LightScribe DVD skrifari
16x DVD drif
Þráðlaust netkort 802.11g/b
Minniskortalesari 9 í 1
17" flatur skjár
Windows XP Home stýrikerfi
2ja ára neytendaábyrgð

Sjónvarps-
kort og
fjarstýring

Minnis-
kortalesari
9 í 1

Þráðlaust
netkort
802.11g

LightScribe
dual layer
DVD skrifari

Verð kr. 129.900

HP Pavilion Photosmart t880

Intel Pentium 4 3,4Ghz örgjörvi
1GB DDR vinnsluminni
nVidia GeForce 6600 256MB skjákort
Tveir 200GB harðir diskur
Sjónvarps- og útvarpskort
Fjarstýring
LightScribe DVD skrifari
16x DVD drif
Þráðlaust netkort 802.11g/b
Minniskortalesari 9 í 1
17" flatur skjár
Windows XP Home stýrikerfi
2ja ára neytendaábyrgð

Sjónvarps-
kort og
fjarstýring

Minnis-
kortalesari
9 í 1

Þráðlaust
netkort
802.11g

LightScribe
dual layer
DVD skrifari

400GB
diskapláss

Verð kr. 179.900

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings-, sölu- og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánu samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt.

Verlaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluáðila:

www.fartolvur.is

HP Búðin	Reykjavík	sími: 568 5400
Office I	Reykjavík	sími: 550 4100
Tölvuþjónustan	Akranes	sími: 575 9200
Stefna	Akureyri	sími: 464 2288
Samhæfni	Reykjanesbær	sími: 421 7755
NetX	Egilsstaðir	sími: 471 2011
NetX	Reyðarfirði	sími: 474 1511
TRS	Selfoss	sími: 480 3300





Áfram í KR

Miðjumaðurinn Agúst Þór Gylfason verður áfram í herbúðum KR. Hann framleingi samning sinn við félagið um helgina en hann hefur verið í herbúðum KR síðustu tvö ár eftir að hann ákvað að yfirgefa Safamýrarliðið Fram.

sport

sport@frettabladid.is

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR: FÆR SAMNINGSTILBOÐ FRÁ POTSDAM Í VIKUNNI

Skoraði eina mark Vals tábrotin

Valur tapaði illa öðru sinni fyrir þýska liðinu Potsdam, en það er núverandi Evrópumeistari í knattspyrnu kvenna og víðist líklegt til þess að verja titil sinn miðað við spilamennsku liðsins í leikjunum tveimur gegn Val.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði eina mark Vals í leiknum en hún þurfti að yfirgefa völlinn eftir sextán mínútna leik og var flutt í skyndi upp á sjúkrahús. Þar kom í ljós að hún var tábrotin og verður því frá æfingum og keppni næstu vikurnar. „Ég var að taka á móti boltanum og á sama tíma kom varnarmaðurinn í mig á mikilli ferð og sparkaði í mig. Ég ákvað að halda áfram að spila



og náði að skora markið upp úr þessari aukaspyrnu en varð svo að fara að velli þar sem ég gat ekki haldið áfram. Fyrir vikið missti ég af öllum leiknum þar sem ég var uppi á sjúkrahúsi.“

Elisabet Gunnarsdóttir ræddi lengi við þjálfara Potsdam eftir leikinn og bauð hann Valsliðinu að koma að keppa við þýska liðið á móti í janúar. „Þetta var náttúrulega allt of

stór sigur. Helsti styrkleiki þess liðs er hversu vel það nýtir öll marktækifæri. Alveg eins og í fyrri leiknum nýta þær öll marktækifærin sín og það er rosalegt erfitt að eiga við það.“

Þjálfari Potsdam ætla sér greinilega að fá Margrétu Lára til liðs við sig og vonast til þess að geta gengið frá því sem allra fyrst. „Áhugi þýska liðsins á Margrét er eiginlega allt of mikill,“ sagði Elisabet og var greinilega ekki ánægð með að vera hugsanlega að miss hana úr liði sínu. Margrét Lára sjálf ætla sér ekki að taka neina skyndiákvörðun. „Ég ætla að fara yfir mín mál í rögleiðingum en þessi áhugi hjá Potsdam er mikill heiður, því þetta er líklega besta félagsliðið í Evrópu.“

> Við finnum til með...

... Valsstelpum sem voru rassskelltar af firmasterku liði Potsdam í Þýskalandi í gær. Árangur Vals er engu að síður stórglæsilegur og sýnir hversu langt íslenskur kvenbolti er kominn.



> Við hrósum...

... íslenskum knattspyrnumönnum sem gerðu frábæra hluti í Evrópuboltanum um helgina og hver leikmaðurinn á fætur öðrum var í lykilihlutverki hjá sínu liði. Verst að það séu ekki neindir landsleikjara fram undan þar sem strákarnir eru komnir í svona fínt form.



DV

Björgólfur Guðmundsson

Skiptir um rúður í Landsbankanum

þarir þegar aðrir þegja!



frá 1.695.000 kr.

ASTRA



Pú færð nýjan Opel Astra frá aðeins 1.695.000 kr. eða 19.772 kr. á mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhólfa 2, sími 525 8000, www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

14 15 16 17 18 19 20

Mánudagur

LEIKIR

19.00 Ís og Haukar mætast í DHL-deild kvenna í körfubolta.

LEIKIR

- 16.10 Ensku mörkin á RÚV.
- 16.50 Enski boltinn á Sýn. Leikur Reading og Ipswich.
- 18.30 Amerískri boltinn á Sýn. Leikur Tampa Bay og Miami.
- 20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 21.00 Ensku mörkin á Sýn.
- 21.30 Spænsku mörkin á Sýn.
- 22.00 Olisport á Sýn.
- 25.00 Ítalski boltinn á Sýn. Leikur Inter og Livorno
- 25.40 Ensku mörkin á RÚV.



DARIUS VASSELL OG ANDY COLE Vassell og Cole hafa náð vel saman í framlinunni hjá Manchester City og áttu þeir báðir góðan leik í gær.

Aston Villa vann grannaslaginn

Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær. Aston Villa lagði Birmingham og Manchester City vann West Ham.

FÓTBOLTI Birmingham City og Aston Villa mættust á heimavelli Birmingham, St. Andrews, í gær og náði Aston Villa að vinna 1-0 með marki frá Kevin Phillips en skot hans að marki var það eina sem leikmönnum Aston Villa tókst að ná á markið í öllum leiknum. Markið kom eftir fallega sókn Aston Villa þar sem Gareth Barry lagði marktækifærið upp fyrir Phillips með góðri hælendingu. Steve Bruce, knattspyrnustjóri Birmingham City, var að vonum óánægður með sína menn eftir leikinn. „Enn og aftur gerum við okkur seka um klaufaleg mistök uppi við markið. Við verðum að nýta færin betur ef við ætlum okkur að vera í toppbaráttunni í vetur,“ sagði Bruce bitur eftir leikinn.

David O'Leary vonast til þess að sigurinn komi liði sínu á beinu

brautina. „Þetta var að mínu mati verðskuldaður sigur. Við sýndum samstöðu og baráttu allan leikinn og það er oft nóg í svona leikjum. Doug Ellis, forseti Aston Villa, sýndi mikinn kjark með því að koma á leikinn því hann hefur verið frá fjarveikur alla vikuna og ég sá hversu ánægður hann var.“

Manchester City lagði West Ham að velli á heimavelli sínum, Manchester-leikvanginum, og skoraði Andy Cole bæði mörk Manchester City í 2-1 sigri. Bobby Zamora skoraði mark West Ham á síðustu mínútu leiksins.

Stuart Pearce, knattspyrnustjóri Manchester City, var að vonum ánægður með sína menn og hrósaði Andy Cole sérstaklega. „Þetta var góður leikur hjá okkur. Andy Cole er einfaldlega einn besti framherjinn í úrvalsdeildinni.“

-mh

Stórt tap Vals í átta liða úrslitum Evrópukeppninnar:

Potsdam var allt of sterkt fyrir Val

FÓTBOLTI Kvinnalið Vals tapaði í gær fyrir þýska liðinu Potsdam með ellefu mörku gegn einu og því samanlagt 19-2. Elisabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, sagði Potsdam einfaldlega hafa verið allt of sterkt fyrir Val. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mark Vals en þurfti að yfirgefa völlinn vegna tábrots eftir sextán mínútna leik. „Þetta lið er ógnarsterkt og við einfaldlega gátum ekki staðið í þessu liði. Svo misstum við Margrétu Lára eftir sextán mínútur og þá réðum við ekkert við þær. Það var oft á tíðum unun að fylgjast með knattspyrnunni sem liðið sýndi í þessum leik og þjálfari liðsins sagði við mig eftir leikinn að Potsdam hefði spilað sinn besta leik í langan tíma.“

Dóra María Lárusdóttir var ekki með liði Vals en hún er í námi í Bandaríkjunum og komst ekki í leikinn. „Við erum ekki með eins



ELISABET GUNNARSDÓTTIR Elisabet segir leikina tvo gegn Potsdam hafa verið góða reynslu fyrir leikmenn sína.

breiðan hóp og Potsdam og lendnum í vandræðum þegar lykilmenn eru ekki með okkur. En stelpurnar læra heimlíkið af þessum tveimur leikjum þó það hafi verið við algjört ofurefli að etja. Ég efast um að íslenska landsliðið geti unnið þetta lið.“

-mh



Sólurprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.24	13.13 18.01
Akureyri	8.14	12.58 17.40

Heimild: Almanak Háskólans

hús e.þ.

Haustverkin í garðinum bls. 2
Eimskipafélagshúsið breytir um svip bls. 4

fasteignir e.þ.

Hliðin mín fríða bls. 24
Flæðandi birta hjá Einari Ólafssyni bls. 18

allt - fasteignir

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 17. október, 290. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

Árborgir	15
Ás	32-34
Borgir	9
Draumahús	25-28
Eignakaup	9
Eignastýring	14
Fasteignamiðlun	21
Fasteignamiðl. Grafarvogs	21
Fasteignastofan	7
Fasteignastofa Suðurnesja	31
FF	30
FMH	17
Fyrirtækjasala Íslands	23
Hof	13
Hóll	18
Hraunhamar	38-39, 45
Húseign	29
Húsalind	16
Lundur	22
Lyngvík	11
Lögmenn Suðurlandi	15
Neteign	19
Nethús	6
Nýtt	8
Remax	35
Remax	40-41
Saga	23
Smárin	36-37
Viðskiptahúsið	10
X-hús	12

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

visir



Húsið er tilbúið til innréttingar.

Fimm herbergja einbýlishús með bílskúr

Fasteignasöluvarnir Húsið og Smárin
eru með fimm herbergja einbýlishús
að Móvaði 43 til sölu. Húsið skilast
fullbúið að utan og er tilbúið til
innréttingar.

Húsið er 219,2 fm á einni hæð og þar af er 43,1 fm bílskúr. Lóðin er grófjöfnuð og húsið er steinað að utan í dókkum lit. Innveggir hafa verið múraðir og sandsparslaðir og búið er að einangra loft og plasta. Klæðningin í bílskúrlofti er í 1. flokki og klæðning lofts í íbúðarhlutanum er að minnsta kosti í 2. flokki. Raflagnagrind ásamt raflögnum er komin í loft og veggir en ekki er búið að draga fram rafmagn. Rafmagnstafla er komin upp og rafmagnsdósir fylgja

með. Hiti er kominn á húsið en hitastýrikerfi fylgir ekki.

Útveggir hússins eru byggðir úr steyptum einingum og eru einangraðir með 100 mm einangrunarplasti. Lagnir eru í raufum í útveggjum og 75 mm einangrun er undir botnplötu. Þak hússins er úr timbursperrum og klætt með tvöföldum asfaltdukk. Þakkantar verða frágengnir með áfellum. Rennur og niðurföll eru utanáliggjandi og eru úr blikki. Gler í gluggum er tvöfalt K-gler eða sambærilegt gler. Gluggarnir eru úr álklæddri furu frá Berki ehf. og verða grunnmálaðir. Útidyrarhurð er krossviðarklædd og er með 3ja punkta læsingu og póstlúgu. Bílskúrshurð er af gerðinni Garage Standard.

Ásett verð er 41,9 milljónir.


LIGGUR Í LOFTINU FASTEIGNIR

Ný skólabygging Korpuskóla verður tekin formlega í notkun í dag klukkan 16. Steinunn Valdis Óskarsdóttir, borgarstjóri mun ávarpa nemendur og aðra gesti við hátíðlega athöfn. Skólahúsið var hannað af teiknistofunni Arkis ehf.

og rúmar um 170 nemendur. Skólastarf hefst í húsinu nn 24. október.

Meðalupphæð kaupsamninga um fasteignir sem þinglýst var við embætti sýslumanna á höfuðborgarsvæðinu var 23,5 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Alls voru samningarnir 2.397 og heildarupphæð veltu var 56,3 milljarðar króna.

Fasteignamat ríkisins hefur lokið endurmati fasteigna í dreifbýli og á jaðarsvæðum í Mosfellsbæ og tekur nýtt fasteignamat gildi 1. desember.



Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Reykskynjarar

verða að vera á öllum heimilum og gæta þarf þess að þeir séu í lagi. Nú er tími kertaljósanna kominn og því eru þeir ennþá mikilvægari.



Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf

Helur skopuð sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundrið hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús www.husogheimil.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSOGHEIMILÍB - BJÁLKAHÚS EHF / KRÍKAHÁLS SÁ, 110 R, s: 511-1818

Gömul og ný dúkkustell

úr postulíni fyrir litlu stúlkuna eða safnarann.

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík - S. 552 - 6255
Opíu virka daga 14-18 • www.ammaruth.is

GLOFAXI HE.

ARMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BILSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

STIGAR & HANDRIÐ

Heildarlausnir og stuttur afgreiðslutími. Teikningar og uppsetning innifalið í verði

Einnig er hægt að teikna sjálfur og fá verð á: www.timberman.dk

Sjá einnig: www.ft-trapper.dk www.plan.dk www.imex.is

Mex ehf. Lynghals 3 Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 Gsm 848 3215

Glæsilegt úrval Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Níðsterk og létt í þrifum

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SIBURJULLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMARI 510 5510 • 510 5500
OPÍU VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Ágúst Ólafur við pallinn sem hann lakkaði síðasta sumar.

Húsið var eins og stór sumarbústaður

Ágúst Ólafur fluttist í húsið Vorboðann fyrir tveimur árum. Ekki þurfti að breyta miklu þó smávægilegar framkvæmdir hefðu átt sér stað.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, fluttist í einbýlishúsi í Bráðræðisholtinu haustið 2003. Húsið, sem heitir því hlýlega nafni Vorboðinn, þurfti ekki mikið að laga. „Húsið var í góðu ástandi en það var hins vegar mjög gamalt, allt að hundrað ára. Við tókum bæði baðherbergin í gegn, flísalögðum þau og sett-

um nýja skápa, vaska og klósett. Einnig lagfærdum við anddyrið og svo lakkáði ég pallinn nú í sumar.“ Enginn hönnuður var viðriðinn framkvæmdirnar en parið fékk góða iðnaðarmann sér til hjálpar.

Timburveggir hússins voru orðnir mjög dökkir og ákvað parið að breyta því. „Húsið var eiginlega eins og stór sumarbústaður að innan en við vildum gera þetta aðeins hvítara og máluðum því húsið hátt og lágt. Það þurfti nánast að mála hverja einustu rák í timbrinu og var framkvæmdin því frekar seinvirk“, segir Ágúst og bætir því við að raunar hafi

eitt herbergi verið undanskilið hvíta litnum. „Að sjálfsgöðu var stelpuherbergið málað bleikt. Það varð samt eiginlega bleikara en við bjuggumst við.“ Dóttir þeirra varð að vonum ánægð með litinn og í ár fæddist þeim annað barn sem var einnig stelpa. Bleikur er því mjög við hæfi.

Parið leggur áherslu á að hafa heimili sitt notalegt. „Við setjum þægindi ofar mörgu öðru og viljum hafa húsið okkar heimilislegt og þægilegt“, segir Ágúst, sem er að fara að leggja fram tvö frumvörp á næstunni og hefur því í nógu að snúast.

mariathora@frettabladid.is

Haust í heimagörðum

Að ýmsu þarf að huga þegar hausta tekur. Garðurinn heima er þar ekki undanskilinn.

Nú hafa flest lauf fært sig af trján-um yfir á helstu grös og götur nágrennisins. Þá er gott að hafa örlitla hugmynd um hvað gera skuli við þessi litríku lauf. Er best að láta þau bara eiga sig eða þurfum við að eyða kröftum okkar í að færa þau eitthvað til? Garðyrkju- maðurinn Ingvi Sindrason hjálpar ráðviltum garðeigendum. „Ekki er gott að hafa mikið af laufum yfir grasinu því þau geta kæft það. Auðvitað er það í lagi í litlu magni en í gömlum gördum geta heilu laufskaflarnir myndast.“ Enginn ákveðinn tími er æskilegur til að hreinsa laufin en þeir sem gaman hafa af rakstri mega sannarlega fara út með hrifuna sem oftast. Ingvi segir best að koma laufunum fyrir í rotkassa þar sem þau verða orðin að mold næsta vor. Einnig er í lagi að setja þau út í beðin en þá þarf að huga vel að staðsetningunni svo þau fjúki ekki beint aftur í grasið. Einnig verður að passa að laufin fari ekki í kringum sígrænar plöntur svo sem grenitré.

Ingvi Sindrason lumar á fleiri göðum haustráðum. „Viðkvæmar plöntur þurfa að halda nokkrum brumum lifandi út vetrinn. Þær þarf því að undirbúa á haustin, annað hvort með því að byggja utan um þær eða setja mosa umhverfis þær. Grámosinn er til



Ingvi Sindrason garðyrkjuaður lumar á göðum ráðum.

dæmis hentugur þar sem hann rotnar lítið, heldur rakanum að en frosti frá.“ Fyrir þær plöntur sem þarf að yfirbyggja er mikilvægt er að koma spýtum nógu snemma niður áður en frýs í jörðu. Að lokum stingur Ingvi upp á

því að fólk setji út falletgar plöntur á haustin. „Ég geri mjög mikið af því að planta calunu á þessum tíma. Hún er nokkuð skyld eriku en helst blómstrandi alveg fram í mars.“

mariathora@frettabladid.is



RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR SEGIR FRÁ SÉR-
KENNILEGRI UPPFINNINGU.

Hvítlauksleti eða örvænting

Nennir þú ekki lengur að nota hvítlaupspressu? Skerðu laukinn bara? Eða sleppir honum? Allt af því að helm-ingurinn af hvítlaufsriðu situr eftir í pressunni og þú nennir ekki plokka trefjarnar úr eftir á og handþvo hana. Þá er kannski ráð að þú fái þér nýja margverðlaunaða sænska uppfinningu: Hvítlauskortíð.

Flestar uppfinningar eiga rót sína að rekja til leti eða örvæntingar. Hið síðar-nefnda var í það minnsta hvati sænska kokksins Hermans Rasmusson að upp-finningu sinni, sem í örvæntingarkasti tók kreditkortíð sitt og tók að rífa hvítlauksríf á upphleyptu stöfunum á kortinu. Sér til undrunar tók eftir að laukurinn maukaðist frábærllega með þessari aðferð og hafði hann þó séð ýmislegt í sinni tíð sem kokkur. Ásamt hönnuðun-um Lisu Flodín og Sofíu Ekvál tók hann að framleiða litrík plastkort með upphleyptu myndri. Hann fékk síðan einkaleyfi á uppfinningunni, sem farið hefur sigurfró um heiminn. Hvítlauskortíð kom best út í prófunum hjá sænska tímaritinu „Allt om mat“ (fjóra gaffla af

fjórum mögulegum). Sömu leiðis vann „GarlicCard“, eins og uppfinningin heitir, fyrstu verðlaun sem frumlegasta uppfinningin 2005 í viðurkenndri hollenski hönnunarsamkeppni. Í dómnefnd voru ekki bara nafntogaðir matreiðslumenn heldur fékk hinn almenni neytandi einnig atkvæðisrétt.

Notkun kortsins felst í að nudda hvítlaufsriðu eftir upphleyptu munstri á kortinu og hreinlega skafa afraksturinn af á brún skálarinnar sem geymir blönduna sem maukið á að fara í. Einnig er hægt að nota pensil til að hreinsa kortíð eða hreinlega að nota kortíð sjálf sem spartspáða beint á kjötsneiðar eða brauð sem krydda skal. Best er að mauka ný og stór hvítlauksríf og nota hart undirlag eins og skurðbretti undir kortíð. Sjálf hef ég notað kortíð líka til að rífa engiferrott með góðum árangri. En draumurinn við hvítlauskortíð er hve auðvelt er að þrifa það: Bara að stilla því undir vatnsbununa og rétt slæma sápuþug uppvottaburstanum yfir stafina. Svo fer kortíð einstaklega vel í veski með öllum hinum kortunum.

Heimatilbúinn fuglafóðrari

Þegar veturinn gengur í garð þarf að fara að huga að smáfuglunum. Margir kaupna fuglafóður sem þeir dreifa í garðinum hjá sér en það er líka einfalt að búa til fuglafóðrara svo fóðrið sé ekki úti um allt.

1. Takið plastflösku, skolið hana og setjið tappann á
2. Skerið tvö frekar stór hringlaga göt í flöskuna á móti hvort öðru.

3. Notið stóran nagla til þess að gera tvö lítil göt undir stóru götunum og stingið priki í gegnum þau. Fuglarnir geta setið á prikinu á meðan þeir næra sig.
4. Notið naglann til þess að gera tvö göt á móti hvort öðru ofarlega á flöskuhálsinum. Þræðið viri í gegn og festið endana saman.
5. Fyllið flöskuna af korni og hengið hana upp á vírnun á sterka grein.

Það má líka nota fernur undan ávaxtasafa og plastbrúsa til þess að búa til fuglafóðrara.



Kvörnin tekur ekki mikið pláss undir vaski.

Matarafgangana í vaskinn takk

